



## Hljómlistarfélag Hveragerðis veitti styrki á bóndadaginn

Árleg styrkjahátíð Hljóm-  
listarfélags Hveragerðis var  
haldin sl. bóndandag. Þetta var í  
12. sinn sem hátíðin var haldin.  
Hefð er fyrir því að hátíðin hefjist  
stundvíslega kl. 17:23. Það  
kom fram í kynningu Sævars  
Helgasonar að það sé mat elstu  
manna að þá hafi verið fyrst  
sungin nóta í Ölfusi á þorra árið  
1723. Leiddar voru að því líkur  
að þá hafi eldri maður vestur í  
sveitinni rekið sig í og rekið upp  
ramakvein. Það líta formenn  
Hljómlistarfélags Hveragerðis á  
að hafi verið söngur. Því heiðra  
þeir ártalið og tónlistina með  
því að halda styrkjahátíðina kl.  
17:23 á bóndadegi.

### Fjórir fengu styrk í ár

Það voru fjórir ungir og efnilegir  
tónlistarmenn sem fengu styrki í  
ár. Samtals voru það 500 þúsund  
kr. sem afhentar voru til þeirra.  
Sædis Lind Másdóttir var meðal  
þeirra sem hlaut styrk frá Hljóm-

listarfélaginu þetta kvöld. Hún  
er að mennta sig sem söngkona  
og búin með framhaldspróf í  
klassískum söng. Hún syngur þó  
allt sem henni dettur til hugar.  
Aðspurð að því hvaða þýðingu  
svona styrkur hefði segir Sædis:  
„Það er rosalega flott að geta  
fengið smá peningaupphæð. Í  
þessum bransa er oft erfitt að fá  
það. Það er þó aðallega stuðn-  
ingurinn sem maður finnur við  
að fá svona. Það sé verið að  
stýðja við mann og bæjarfélagið  
sé að stýðja við mann og taki eft-  
ir því sem maður er að gera.“

### Allir eru formenn í félaginu

Félagið er skipað sex einstak-  
lingum sem allir hafa titilinn  
formenn. Aðspurðir segjast fé-  
lagamir hafa brallað marga sund-  
ur og saman í gegnum tíðina  
tennt tónlist í áratugi. Markmið  
þeirra er að safna fé og úthluta  
styrkjum á bóndadag á hverju  
ári. Yfirleitt er það yngra tónlist-

arfólk sem notið hefur styrkjanna  
en þá höfum við einnig styrkt  
myndlistarmenn. Þá höfum við  
stundum látið fé af hendi rakna  
til góðgerðarmála. Félagið gerir  
þó fleira og sér um ýmsa við-  
burði í Hveragerði eins og Sölv-  
kvöldið. Þá segja strákarnir að  
þeim finnst gaman að hittast og  
gera eitthvað saman. Á hverju ári  
sé tekin ákvörðun um hvað þeir  
vilji framkvæma og gera fyrir sig  
og samfélagið. Eitt árið fengu  
þeir t.d. KK til að koma og spila  
fyrir leikskólana einn morgun-  
inn, þar sem hann spilaði fyrir  
starfsmenn og nemendur, kom  
svo við á elliheimilinu og spilaði  
þar og hélt svo frábæra tónleika  
um kvöldið þar sem við buðum  
Hvergerðingum ókeypis inn á og  
fylltum húsið. Það er ekk ofsög-  
um sagt að félagarnir í Hljómli-  
starfélagi Hveragerðis láti gott af  
sér leiða til samfélagsins sér og  
öðrum til skemmtunar og fram-  
dráttar.

-gpp

## Leikskólamálin rædd

Bæjarstjóri Ölfuss, Elliði  
Vignisson, mætti á fund  
fjölskyldu- og fræðslunefndar  
Ölfuss. Þar kynnti bæjarstjóri  
aðgerðaráætlun Ölfuss hvað  
varðar daggæslu og leikskóla-  
þjónustu árið 2020. Í máli Elliða  
kom fram að staðan væri heilt  
yfir nokkuð góð og biðlistar  
mun styttri en í nágrennabyggð-  
um. Þá kemur fram að vegna  
fjölgunar íbúa og breyttra þarfa  
foreldra er þörf á endurskoðun  
þjónustustigs. Í minnisblaði  
sem lagt var fram á fundinum  
er lagt til að fimm þættir verði  
skoðaðir sérstaklega.

Úttekt verður á þjónustu  
leikskóla og tilgangurinn er  
að greina styrkleika og veik-  
leika með það að leiðarljósi  
að styrkja þjónustunetið. Fram  
kemur að vinna við þetta sé  
hafin og niðurstöðu sé að vænta  
fljótlega. Úttektin verður svo  
veganesti að frekari eflingu  
þjónustunnar.

### Dagforeldrakerfið mikilvægt

Í fundargerðinni kemur fram að  
litið verði til dagforeldrakerfis-  
ins í sveitarfélaginu, en það sé  
íbúum mikilvægt. Þá er tekið  
fram að skoða verði sérstaklega  
þann möguleika að sveitarfé-

lagið beiti öflugri hvatakerfi  
fyrir dagforeldra og tryggi  
þannig þann mikilvæga þjón-  
ustupátt. Þær hugmyndir sem  
reifaðar eru er að niðurgreiðsla  
verði hækkuð um 30% frá því  
sem nú er. Þá verði skoðað að  
húsnæðisstyrkur verði veittur  
til dagforeldra, veittur verði  
stuðningur til leikfangakaupa  
og aðstöðubóta og opnað fyrir  
umsóknir um styrk til stærri að-  
stöðubóta eins og kaupa á fjöl-  
buravögnum eða leiksvæðum  
utandyra. Að lokum var nefnt  
að skoðaðir verði kostir og  
gallar þess að taka upp heima-  
greiðslur fyrir þá foreldra sem  
heldur kjósa þá leið fremur en  
þjónustu dagforeldra.

### Stækkun leikskóla rædd

Fram kemur að bæjarstjórn hafi  
þegar varið um 20 milljónum á  
árinu 2020 til hönnunar og 150  
milljónum til framkvæmda á  
árinu 2021. Þá standi vonir til  
að hægt verði að fjölga leik-  
skólaplássum verulega snemma  
árs 2022. Þá verði skoðað hvort  
það sé fýsilegur kostur að opna  
á ný svokallaða fimm ára deild  
við leikskólann í húsnæði  
grunnskólans til bráðabirgða.

-gpp



Myndband fylgir frétt á dfs.is

Valli Reynis opnar  
Kebab Selfoss

Valli Reynis hefur fengið góð viðbrögð við uppátækinu þegar Kebab Selfoss  
var boðið velkommið í skyndibitaflóru Selfoss. Þann 30. janúar sl.

**Brrr...**  
Það er farið að kólna.  
Nú er rétti tíminn til að  
yfirfara og stilla hitakerfi og  
snjóbræðslur fyrir veturinn.

**PÍPULAGNIR  
HELGA** snögg og góð  
þjónusta

Selfossi - S. 699 1985 / 823 6656

**Rafverktakar · Verslun**  
**Öryggis-, myndavéla-  
og loftnetskerfi**

**Arvirkinn**

Framúrskarandi  
fyrirtæki 2013

Neyðarsími 660 1160 Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirkinn.is



Nýjar vörur og lokadagar ÚTSÖLU

Verið velkomin í heimsókn

Motivo

Hönnun, tíska og afjavara

Austurvegi 9 Selfossi S.482 1700 Motivo.is



## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Við leitum að metnaðarfullu, framtakssömu og skemmtilegu fólki sem hefur brennandi áhuga á að taka þátt í uppbyggingu á lifandi og skemmtilegum vinnustað. Við erum með nokkur störf í boði og leitum að heilsárs- og sumarstarfsfólki.

### Framreiðsla í sal og móttaka gesta

Við leggjum mikið upp úr því að taka vel á móti okkar gestum. Við viljum því fólk með brennandi áhuga á að veita góða og faglega þjónustu.

### Vinna í eldhúsi

Við eldum matinn frá grunni og búum til okkar eigin vörur og það er nóg að gera. Við leitum að jákvæðu fólki sem er snögg og snúningum, getur unnið sjálfstætt og með fólki af ýmsum þjóðernum. Við hlökkum til að fá fleira gott fólk í frábæra teymið okkar!

Fridheimar er þjónustufyrirtæki með áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu á sviði ferðaþjónustu og garðyrkju. Við ræktum tómata allt árið um kring og bjóðum gestum í heimsókn til að sjá og upplifa hvernig ræktunin fer fram. Einnig bjóðum við upp á ýmislegt góðgæti sem við búum til frá grunni á veitingastaðnum okkar sem er staðsettur inni á milli plantnanna.

Fridheimar er staðsett í Reykholti, Bláskógabyggð.

Umsóknir og ósk um frekari upplýsingar veitir Janis á netfanginu [janis@fridheimar.is](mailto:janis@fridheimar.is).

## ARE WE LOOKING FOR YOU?

We are looking for ambitious, hard working and nice people who are interested to be part of a great team to work in a growing fun work environment. We have several vacancies, and are looking for all season workers, summer- and weekend positions too.

### Service in restaurant and reception

We put great effort in greeting our guests with a warm welcome. So we want staff with enthusiasm to give good and professional service.

### Work in kitchen

We make our food from scratch, which means a lot of work to do, so we are looking for positive minded staff who are quick on their feet, can work both independently and with other multicultural people.

We look forward to increasing our great team of employees!

Applications and questions for further info should be sent to Janis at [janis@fridheimar.is](mailto:janis@fridheimar.is).

## Inga kveður og Kristín heilsar í Listasafni Árnesinga

Mikil tímamót voru í Listasafni Árnesinga síðastliðinn laugardag. Þar kvaddi Inga Jónsdóttir, safnstjóri Listasafni Árnesinga eftir langan og farsælan feril hjá Listasafninu. Þá tók Kristín Scheving formlega við sem safnstjóri Listasafni Árnesinga. Þá var opnuð síðasta sýningin sem Inga kemur að sem safnstjóri.

### Þó löndin séu ólík er margt sem sameinar Ísland og Japan

Sýningin er sett upp í samvinnu við Sendiráð Japans á Íslandi en sendiherrann, herra Yasuhiko Kitagawa opnaði sýninguna formlega. Sýningin er afar áhugaverð japönsk ljósmyndasýning. Sýningin er unnin að frumkvæði Japan Foundation sem fól einum fremsta ljósmyndagagnrýnanda landsins, Kotaro Iizawa, sýningarstjórnina. Viðfangsefni sýningarinnar er að endurspegla lífið og menninguna í TOHOKU í fortíð, nútíð og jafnvel framtíð, með augum ljósmyndunar, sem mótvægi við þær ljósmyndir sem fóru um heim allan í kjölfar hörmunganna vegna stóra jarðskjálftans 2011. Tohoku er svæðið á norðaustur hluta eyjarinnar Honsu sem er stærsta eyja Japans. Svæðið er búið einstökum og ríkulegum náttúruauðlindum þannig að landbúnaður, fiskveiðar og skógarhögg blómstrar þar, en þrátt fyrir náttúrugæði sín markast saga Tohoku einnig af erfiðri lífsbaráttu. Ljósmyndararnir eru allir fæddir í Tohoku á árunum 1917 – 1974 og endurspegla því mismunandi tíma, stíla og sjónarhorn. Sýningin hefur verið á ferð um heiminn frá árinu 2012 og ánægjulegt að fá tækifæri til þess að kynna hana hér á landi því þó margt sé ólíkt milli þessara tveggja þjóða,



Japan og Íslands, þá er ýmislegt sem sameinar eylandin tvö, svo sem jarðskjálftar, eldfjöll, heitir hverir og fiskveiðar.

### Inga hefur unnið gríðarlega gott starf fyrir safnið

Það, eins og áður sagði, voru mikil tímamót þegar Inga steig í pontu og þakkaði viðstöddum fyrir samfylgdina í gegnum tíðina, en hún hefur látið af störfum formlega sem safnstjóri LÁ. Inga hefur þótt farsæl í starfi en það mátti sannarlega merkja á framsögu Helga Haraldssonar, formanns stjórnar safnsins og Aldísar Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra Hveragerðisbæjar á laugardag. Þá var m.a. komið inn á það að undir stjórn Ingu hafi safnið hlotið Íslensku safnaverðlaunin árið 2018, en í greinargerðinni kemur m.a. fram að „sú áhersla í sýningarhaldi sem fylgir meginmarkmiði Listasafni Árnesinga um að efla áhuga, þekkingu og skilning almennings á sjónlistum sé til fyrirmyndar. Safnið beitir árangursríkum aðferðum í fræðslu með umræðum og uppákomum, sem bera vitni um metnað, fagmennsku og nýsköpun.“

Viðstaddir þökkuðu Ingu fyrir framlag sitt með dúndrandi lófataki og skáluðu fyrir henni.

### Kristín heilsar og fylgir safninu inn í framtíðina

Kristín Scheving nýráðin safnstjóri LÁ nam myndlist við École Supérieure des Arts Décoratifs de Strasbourg í Frakklandi. Kristín var m.a. verkefnastjóri við Listahátíð Reykjavíkur, deildarstjóri við Vasulka-stofu Listasafni Íslands svo eitthvað sé nefnt. Kristín sagði í ræðu sinni að henni væri sönn ánægja að taka við starfi safnstjóra Listasafni Árnesinga og hefja það með yndislegri ljósmyndasýningu frá Japan. Kristín sagði því næst aðeins frá sjálfri sér en hún er fædd í Reykjavík með sterkar tengingar við Árnæssýsluna, en hún dvaldi jafnan hjá ömmu sinni og afa í uppsveitum Árnæssýslu í fríum á unga aldri. Nú er fjölskyldan flutt á Suðurlandið en Kristín býr með fjölskyldu sinni á Eyrarbakka, en þar hafa þau búið sl. 6 ár. Kristín var boðin velkomin af viðstöddum og henni óskað farsældar í starfi.

-gpp



# SUSHI Á SELFOSSI

AUSTURVEGUR 22 - SÍMI 896 1250

◆ BORDAÐU Á STAÐNUM EÐA TAKTU MEÐ HEIM ◆




**DFS TV má finna inni á DFS.is, fréttavef Dagskrárinnar.**

Þar má finna sjónvarpsviðtöl við áhugaverða Sunnlendinga ásamt stuttum myndbrotum úr sunnlensku samfélagi.



## Þjóðsaga til næsta bæjar

Sýning fyrir alla fjölskylduna

Leikstjóri, höfundur leikgerðar og tónlistar:  
Örn Árnason  
Útsetning tónlistar  
Birgir Jóhann Birgisson

Frum-sýning föstudag 7. febr. kl: 19:30  
2. sýning laugardag 8. febr. kl: 14:00  
3. sýning sunnudag 9. febr. kl: 14:00  
4. sýning laugardag 15. febr. kl: 14:00  
5. sýning sunnudag 16. febr. kl: 14:00

Miðaverð kr. 1,500- fyrir börn 12 ára og yngri. Fullorðnir kr. 3,000-

**Miðapantanir í síma 863-8522**  
Sýnt í Leikhúsinu Austurmörk 23.





## Rekstur tjaldsvæðis Sveitarfélagsins Ölfuss í Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus auglýsir eftir samstarfsaðila um rekstur á tjaldsvæði sveitarfélagsins í Þorlákshöfn. Um er að ræða fullbúið svæði og tilheyrandi mannvirki.

Samstarfsaðili skal sjá um rekstur svæðisins og mannvirkja sem þar eru, innheimtu afnotagjalda, upplýsingagjöf og þjónustu við ferðamenn, auglýsingar fyrir svæðið og annað tilheyrandi. Samstarfsaðili hafi síðan tekjur af svæðinu en beri jafnframt kostnað af daglegum rekstri. Til kostnaðar telst m.a. þrif á svæðinu og mannvirkjum, sláttur og eftirlit.

Hugmynd sveitarfélagsins er að leigutaki hafi möguleika á að greiða leiguverðið að hluta með endurbótum á svæðinu, þátttöku í uppbyggingu þess sem hluta af ferðaþjónustu, viðhaldi mannvirkja og ýmislegt fl.

Árlegur opnunartími tjaldsvæðisins skal vera a.m.k. frá 1. maí til 30 september. Sveitarfélagið er þó áhugasamt um að lengja opnunartíma svo mikið sem mögulegt er. Stefnt er að því að samstarfsaðili taki við svæðinu vorið 2020.

*Við val á samstarfsaðila verður ma. horft til:*

- Jákvæðni og vilja til að taka þátt í að byggja upp áhugaverðan kost fyrir gesti.
- Skýrri framtíðarsýn hvað rekstur tjaldsvæðisins varðar.
- Hagkvæmni sveitarfélagsins af samningi.
- Reynslu af ferðaþjónustu.
- Reynslu af rekstri.
- Reglusemi og samvirkusemi

Gert er skilyrði um að viðkomandi sé í skilum með opinber gjöld.

Allar nánari upplýsingar veitir Sandra Dís Hafþórsdóttir netfang [sandradis@olfus.is](mailto:sandradis@olfus.is) og í síma 480 3800 til 10. febrúar.

ÖLFUS ... hamingjan er hér!

# BUXNADAGAR

## ALLAN FEBRÚAR

Febrúar er buxnamánuðurinn mikli  
Við rýmum buxnalagerinn okkar


Höfum einnig  
hækkað afsláttinn  
á útsölnunni

**LINDIN**  
TÍSKUVERSLUN  
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

## Fyrirtækið Dagar hefur opnað skrifstofu að Austurvegi 69 á Selfossi

Dagar hf. er leiðandi fyrirtæki í fasteignaum-sjón með höfuðstöðvar í Garðabæ. Alls starfa um 800 starfsmenn hjá fyrirtækinu um land allt en fyrirtækið starfrækir skrifstofur á Akureyri og Reykjanesi og nú einnig á Selfossi. Dagar hafa í árabíl þjónustað fyrirtæki og stofnanir í Árborg og nærliggjandi sveitarfélögum með ræstingar og hreingerningar.

Í desember sl. endurnýjuðu Dagar og Árborg samning um ræstingar og hreingerningar á skrifstofum og stofnunum bæjarins. Við það tækifæri ákváðu Dagar að setja upp starfsstöð á Selfossi þar sem verkefnið er orðið umfangsmikið en alls starfa um 50 starfsmenn hjá Dögum við ræstingar og hreingerningar á Suðurlandi. Krístrún Agnarsdóttir stýrir verkefnum Daga á svæðinu en henni til halds og trausts er Helga Flosadóttir. Í samtali við Krístrúnu þá sagði hún að þar sem starfsemin hafi



farið ört vaxandi á sl. árum sé kærkomið að fá starfsstöð á Selfossi. Með því geti umsvif fyrirtækisins aukist enn frekar á svæðinu og lagt enn meiri metnað í að afhenda gæðþjónustu á sanngjörnu verði.

## Pakkar góð viðbrögð kúabókar

Góðir gestir! Ég fagna því að sjá svo marga saman komna í bókakynningu. Ég þakka Bjarna Harðarsyni innilega fyrir að hafa efnt hér til mannfagnaðar og fyrir að hafa tekið verk mitt upp á styrka arma og gert úr góðan prentgrip. Með sama hætti nefni ég í mikilli þökk Auðhumlu, fyrirtæki mjólkurbænda sem af einstakri velvild og skilningi hefur flotað útgáfu. Ég tek það sem viðurkenningu og verðlaun fyrir áratuga starf mitt við að vernda til framtíðar gamla íslenska bændamenningu, í senn hvað varðar minjar og minningar. Starfið hefur verið lífsgleði mín í árunna rás, raunar hlutverk sem forsjónin færði mér upp í hendur. Ég blessa samfélagið sem veitti mér skilning og styrk í starfi. Ríka ástæðu hef ég til þess að nefna hér nokkur nöfn. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður hefur verið aflvaki að útgáfu síðustu bóka minna. Sveinn Runólfsson fyrrv. landgræðslustjóri hefur og veitt mér mikilsverðan stuðning og ekki að gleyma Þór Magnússyni fyrrv. þjóðminjavörði og öðrum góðvini Oddnýju Eir Ævarsdóttur rithöfundu. Fjölskylda mín í Skógum hefur veitt mér skjól og öryggi til skrifta. Án þess sæi verka minna í raun engan stað, handrit lokuð niðri og læst koma engum að gagni. Ég minnst í mikilli þökk gamla fólksins vítt og breitt um landið sem af miklum ljúflek fræddi mig um líf og hætti liðinna kynslóða. Þjóðmenning gamla tímans ól mig upp, að henni bý ég til dagsins í dag.

Hverjum þykir sinn fifill fagur

segir gamall málsháttur. Ég dylst þess þó eigi að margt má að verki mínu finna, segi eigi að síður að hvergi í heimi er samankomið jafn mikið efni af þeirri þjóðfræði er varðar samskipti mannsins og mjólkurgripa sem lífsbjörgin byggðist að nokkru á frá degi til dags. Sá fræðabákur sem hér er fram borinn er þó framar öllu þjóðlegur en ekki alþjóðlegur. Margt í bók minni er hvergi annarsstaðar að finna, annað efni sem var á við og dreif sett í samstæða heild og lífsreynsla mín og móton í æsku hefur auðveldað mér verkið. Í dag á þess enginn kost að ferðast um byggðir og fræðast um þá fornmenningu sem ég ólst upp við.

Mikil vinna er að færa handrit til fullbúinnar bókar. Ég vil þá fyrst geta þess að Sigurlín Sveinbjarnardóttir fyrrv. skólastjóri hefur búið handrit mitt til prentunar af lofsverðri vandvirkni, elju og alúð. Hrafn Andrés Harðarson og Aðalsteinn Svanur Sigfússon bókahönnuður áttu og hér lofsverðan hlut að máli.

Starfsmenn Skógasafns léttu hér undir með ljósmyndun svo og Tómas Birgir Magnússon. Hljýja þökk vil ég tjá Þóri N. Kjartanssyni ljósmyndara í Vík sem í þágu bókar og af hreinni velvild til höfundar gerði ljósmyndaferður út undir Eyjafjöll, Austur í Álftaver og Meðalland og lét gjaldheimtu lönd og leið. Slíkir gerast nú fáir. Allan þungann af útgáfuverki hefur borið Helgi Magnússon sagnfræðingur frá Sólheimum í Landbroti. Af frábærri alúð hefur hann unnið verk sitt. Með fullum rétti ætti

hann að heita meðhöfundur bókar. Hafir hann heiður og þökk. Ég vil að lokum óskasr. Sváfni Sveinbjarnarsyni til hamingju með nýútkomna bók sína, *Undir Suðurhlíðum*, sem hér er kynnt. Hún er skrifuð á þann sama hlýja og hugþekka hátt og fyrri bók sr. Sváfns, *Á meðan straumarnir sungu*. Hæfileikinn til fróðleikshyggu og skrifta sækir höfundur jafnt til beggja ætta, Þorsteins Jónssonar í Laufási og snillingsins Eyjólfss á Hvoli.

Ég óska Hörpu Rún Kristjánsdóttur til hamingju með verðlaun fyrir ljóðlist. Harald bónda í Hólum man ég vel. Honum lá svo vel fegurist mál á tungu að orð var á gert. Orðsins list hefur um aldri verið í hávegum höfð. Hin göfgu systkini í Næfurholti, Jónína og Ófeigur, hollvinir mínir inn við hjarta landsins, gleymast ekki. Notalegt var að nema staðar í Næfurholti. Góðvild sem aldrei horfir til launa er innlegg í eilífðina. Gott fyrir skáld að vera úr þessum jarðvegi sprottið.

Gunnar frá Heiðarbrún hef ég þekkt síðan hann á unglingsaldri var við nám í Skógaskóla. Þráðurinn milli okkar, ívafinn sömu ætt og áhuga fornra fræða, hefur ekki slitnað. Gunnar hefur skrifað þungvæga, stórmerka bók um glæsiverkið mikla, Njálssögu og viðleitni manna til að nafngreina höfund. Öllum þeim sem veitt hafa bók minni brautargengi óska ég blessunar í bráð og lengd og segi með orðum eldri kynslóðar æsku minnar: Guð gefi okkur öllum góðar stundir.

Þóroddur Tómasson



### Matgæðingur vikunnar er Karítas Tómasdóttir.

Ég vil byrja á að þakka henni Ernu minni kærlega fyrir þessa æðislegu áskorun. Mér hefur alltaf fundist gott að borða og finnst gaman að prófa mig áfram í eldhúsinu. Ég er hinsvegar þekkt fyrir að halda mig við það sem ég þekki frekar en að smakka nýja hluti. En ég komst ekki upp með það þegar ég bjó úti þar sem við vinkona mín skiptumst á að velja nýja uppskrift á föstudögum. En þar stendur einn aðeins öðruvísi en einfaldur réttur upp úr sem ég ætla að deila með ykkur.

### Salatvefjur

16-18 salatblöð  
500 gr. nautahakk  
1 msk. olía  
1 stk. laukur, smátt skorinn  
¼ bolli hoisin-sósa  
2 hvítlauksrif, söxuð  
1 msk. soja sósa  
1 msk. hrísgrjónaedik  
200 gr. kastaníuhnetur (niðursoðnar), smátt skornar  
6 stk. vorlaukar, smátt skornir  
2 tsk. súrsað engifer, saxað  
2 tsk. sesamolía (dökk)

Fyrst eru salatblöðin skoluð og bara sett til hliðar til að þorna.

Svo er nautahakkið steikt upp úr smá matarolíu á pönnu. Þegar það er steikt er það bara sett í skál og látið bíða. Því næst er laukurinn steiktur á sömu pönnu þar til hann er búinn að mýkjast svolítið. Þá má bæta við hoisin-sósunni, hvítlaukum, sojasósunni, edikinu og engiferinu við laukinn og því blandað létt saman. Svo er bara kastaíuhnetunum, vorlaukum og sesamolí-

uni skellt á pönnun ásamt nautahakkinu.

Þessu blandað saman og leyft að malla í nokkrar mínútur eða þangað til vorlaukurinn er búinn að eldast.

### Eftirréttur

Mamma mín á það til að henda í mjög góðar kökur en ein af mínum uppáhalds er svampbotn með Rice Crispies yfir sem ég læt fylgja með.

Svampbotn (í tvö lausbotna form) eða bara að eigin vali  
4 stk. egg  
120 gr. sykur (þeytt með eggjum)  
60 gr. hveiti  
60 gr. kartöflumjöl  
1 stk. lyftiduft

Rice Crispies-blandan eða bara að eigin vali  
100 gr. súkkulaði  
60 gr. smjör (brætt)  
4 msk. sýróp  
Rice Crispies (eftir þörfum)

¼ ltr. rjómi  
½ dós blandaðir ávextir

Safanum úr blönduðu ávöxtunum er hellt yfir svampbotninn þannig að hann verði mýkri og safaríkur. Rjóminn er þeyttur og blönduðu ávöxtunum bætt út í og blandað saman með sleif, því er svo skellt á svampbotninn. Loks er svo Rice Crispies-blöndunni skellt ofan á og á hliðarnar.

Takk kærlega fyrir mig!

Ég skora á hana frænku mína og vinkonu, Silju Hjaltadóttur. Við dunduðum okkur ansi mikið saman í eldhúsinu í den og gekk það misvel, en hef heyrt að hún sé orðin mun betri þannig að ég skora á hana að töfra fram eitthvað gómsætt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

### Leiðrétting:

## Barnabókahátíð Bókabæjanna í Brimróti

Röng dagsetning á Barnabókahátíð Bókabæjanna í Brimróti birtist í síðustu Dagskrá. Aðstandendur barnabókahátíðarinnar munu auglýsa dagsetningu hátíðarinnar síðar. Hægt er að fylgjast með viðburðinum á Facebook undir nafninu Barnabókahátíð Bókabæjanna í Brimróti.



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraeyri 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnarpp@prentmet.is.  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraeyri 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag 9700 eintök.  
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Mér er gjarnt að gera öðrum grikk í svörum, er á sundi og flugi í förum og furðu oft á bóndans vörum.

Svar við gátu í blaði 2533: LYKKJA.  
1. lína: Lykkja á leið - 2. lína: Lykkja á krókupari  
3. lína: Stýrislykkja - 4. lína: Færiykkja



# Landsbankinn er efstur banka í ánægjuvuginni

Ánægja viðskiptavina hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.



ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUVOGIN

## Stöðug þróun á netbanka og appi

Við vinnum stöðugt að því að gera stafræna þjónustu betri og uppfylla þarfir og óskir viðskiptavina. Ánægja með netbankann og appið mælist mikil og notkun er enn að vaxa.

94%

Viðskiptavinir sem segjast ánægðir með netbankann.

## Persónulegri og aðgengilegri

Persónuleg þjónusta og ráðgjöf er kjarninn í starfsemi okkar um allt land og sambandið við viðskiptavini leiðarljós í öllu okkar starfi.

96%

Ánægja viðskiptavina með heimsókn í útibú.

## Traustur rekstur til framtíðar

Euromoney valdi Landsbankann besta banka á Íslandi 2019 og benti á að fjárhagsleg afkoma undirstrikaði afburða góða stöðu bankans, einkum hvað varðar skilvirkni og arðsemi.



Besti banki á Íslandi skv. Euromoney.





**Búslóðaflutningar og vörudreifing**  
**Sendibílar Suðurland 820 3880, Tómas**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,

**Guðný Jóhanna Eyjólfsdóttir**  
Laufhaga 7, Selfossi,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 24. janúar á Heilbrigðis-  
stofnun Suðurlands, Selfossi.

Útförin fer fram frá Selfoskirkju föstudaginn  
7. febrúar kl. 14.00.

Hrönn Harðardóttir lungnalækni og starfsfólki Lyflækninga-  
deildar HSU eru færðar þakkir fyrir alúð og umhyggju.

**Sveinn Þórarinnsson**  
**Steinunn Sveinsdóttir** **Eyjólfur Karlsson**  
**Helga Margrét Sveinsdóttir** **Róbert Ólafur G. McKee**  
**Linda Dögg Sveinsdóttir** **Árni Þór Guðjónsson**

**Anton Sveinn, Karitas Irma,**  
**Bjarki Þór, Guðjón og Ársæll.**



# Uppáhaldsbækurnar mínar verða oft ástvinir mínir

- segir lestrarhesturinn Anna S. Árnadóttir

Anna S. Árnadóttir er fædd og uppalin á Selfossi en býr nú í Garðabæ. Hún hefur lokið kennaraprófi frá KHÍ og framhaldsnámi í spænsku við Háskóla Íslands. Hún á tvær dætur og sjö barnabörn og helstu áhugamál hennar eru fjölskyldan, ferðalög og skemmtilegt fólk.

## Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er að ljúka við að lesa *Uppskriftabók föður míns* eftir franska rithöfundinn Jacky Durand en hún kom út í fyrra. Mjög skemmtileg bók um dreng sem elst upp í franskri sveit og á sér þann draum að feta í fótspor föðursins sem er listakokkur en ekki að sama skapi geðprúður og hefur ekki sömu hugmyndir og sonurinn um framtíðina. Bókin fjallar um samband þeirra feðga og byrjar við banabeð föðursins, ilmar af frönskum sveitamat sem er eldaður mest af hjartans list og bragðlaukarnir leika stóra rullu. Verst að ég verð oft að taka mér hlé til að búa til eitthvað gott með lestrinum. Önnur bók sem ég var rétt að ljúka við á undan þessari er *Tilfinningabyltingin* eftir Auði Jónsdóttur og það þótti mér mjög áhugaverð bók, hreinskilin og skemmtilega opin reynslusaga konu sem deilir með okkur hinum á einlægum hátt. Listræn og lifandi og mikið sem hún á skemmtilegar vinkonur. Tilvitnun úr fyrri bókinni sem ég nefndi áður á ágætlega við hér: „Ævi mín er uppskrift sem fylgt er frá degi til dags með misjöfnum árangri.“ Svo er ég með nokkrar góðar á náttborðinu sem ég glugga í mér til andlegrar uppbyggingar. Þar má nefna bók Eileen Caddy *Ég er innra með þér*, *Living on Purpose* eftir Dan Millman, *The Heart of Buddha Teaching* eftir Tich Nhat Than og *Yogabókina*.

## Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Alls konar bækur og ég veit fátt betra en að eiga alein stund með bók. Ég les mikið ferðabækur, ljóðabækur og alls konar uppbyggjandi bækur og svo hef ég líka mikinn áhuga á fornþilum. Ég les um trúmál, lífsgátuna, siðfræði, fræðibækur, ævisögur og ástarsögur en þó kannski minna í seinni tíð um það síðastalda en Guðrún frá Lundi lítur þó reglulega við. Best þykir mér ef bókin skilur eitthvað eftir og að ég sé mjög leið yfir því að lestri hennar skuli vera lokið.

Uppáhaldsbækur mínar verða oft ástvinir mínir. Ég lifi mig inn í þær og gleymi stund og stað.

## Ertu alin upp við bóklestur?

Það var lesið fyrir mig sem barn en oftar voru okkur systkinum þó sagðar sögur. Pabbi lét mig oft lesa upphátt og við lásam ljóð hvert fyrir annað. Við lásam líka saman inn á snældur fyrir gamalt fólk sem hann þekkti og var farið að tapa sjón. Ég held ég verði að segja að upphaldsbækurnar mínar í bernsku hafi verið um *Pollyönnu* og bækur Astrid Lindgren og Enid Blyton. Mamma mín er mikill lestrarhestur og við notuðum bókasafnið á Selfossi mikið. Ég fékk oft að velja fyrir hana bækur og alltaf þegar mér tókst að velja áhugaverða bók náði ég ekki sambandi við hana á meðan hún las hana. Ég er svo heppin að hafa eftir þessa eiginleika frá henni, að geta einbeitt mér að bóklestri.

## Hvað einkennir lestrarvenjur þínar?

Ég les alltaf á morgnana áður en ég fer á fætur í bók Eileen Caddy sem ég nefndi hér áður, dagleg heilræði sem gott er að hafa með sér inn í daginn. Yfirleitt les ég ekki mikið á daginn nema dagblöðin og einhverjar greinar sem tengjast vinnunni en alltaf



Anna S. Árnadóttir

áður en ég fer að sofa lít ég í bók. Ég er frekar gamaldags, vil frekar lesa bók en hlusta eða lesa af lesbretti.

## Áttu þér einhverja upphaldshöfunda?

Já, ég á nokkuð marga upphalds. Alexander McCall Smith og Precious Ramotswa kvenspæjari nr. 1 í Botswana eru í miklu upphaldi og við lestur þeirra bóka lærði ég að drekka rauðrunnate. Ævintýrabækur Michael Ende get ég lesið endalaust og alltaf þykir mér gaman að lesa bækurnar hans Henning Mankell. Þá er *Alkemistinn* og skáldsögur Paulo Coelho ómetanlegar. Svo eru ótal margir íslenskir höfundar í upphaldi, Laxness auðvitað, Páll Skúlason, Árni Þórarinnsson, Þórarinn Eldjárn svo ég nefni einhverja.

## Hefur bók rænt þig svefni?

Já, það er alvanalegt enda nógur tíminn til að sofa þegar maður getur ekkert annað.

## En að lokum Anna, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ef ég gæti fókuserað á það væri ég örugglega alltaf að skrifa. Ég skrifaði reyndar eina barnabók í kennaraháskólanum með vinkonum mínum sem lokaverkefni um áhrif ævintýra á börn út frá kenningum Bruno Bettelheim sem var gefin út 1989 ef ég man rétt. Aldrei að vita hvað gerist þegar tíminn hægir á sér.

*Lestarhestur númer 87.*  
*Umsjónarmaður,*  
*Jón Özur Snorrason.*

## Hagkvæmar lausnir fyrir þitt fyrirtæki

- Reglulegar ræstingar
- Alhliða hreingerningar
- Bónleysing, bónun og viðhald gólfa
- Teppahreinsun
- Sérhæfð þrif á steinteppum
- Vélskúrun
- Önnur sérverk

Hafið samband við Krístrúnu S: 693 4934

kristrun@dagar.is

Léttum þér lífið  
**dagar**

## Sólbaðsstofan Ársól opnuð á Selfossi

Í janúarlægðunum sem gengið hafa yfir landið undanfarið hafa hjónin Trausti og Hafdís ásamt syni sínum Davíð verið að leggja lokahönd á splúnkunýja sólbaðsstofu í Hrisholtinu á Selfossi. Stofan var opnuð þann 1. febrúar sl. Aðspurð að því hvernig það kom til að opna sólbaðsstofu segja þau að sú hugmynd hafi komið upp alveg óvænt. „Fyrst var hugmyndin að gera kannski íbúð hér fyrir skólakrakka en svo kom Hafdís með hugmynd að þessu í smá gríni fyrst að kaupa gamlan ljósabekk og vera



með smá ljósaaðstöðu, en það er engin slík á Suðurlandi. Það endaði svona, tveir splúnkunýir ljósabekkir og innrauður sána-



klefi. Við ákváðum að gera þetta bara eins flott og hægt er,“ segir Trausti. -gpp

ISKRAFT

## SÖLUMAÐUR/RAFVIRKI ÓSKAST Í ISKRAFT Á SELFOSSI

ISKRAFT óskar eftir að ráða sölumann/rafvirkja til starfa á Selfossi. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem fellur vel að góðri liðsheid fyrirtækisins og með framtíðarstarf í huga.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um.

» Starfssvið:

- Almenn sölustörf
- Tilboðsgerð
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum

» Hæfniskröfur:

- Lönnmenntun á rafmagnssviði æskileg
- Reynsla í rafvirkjun eða úr sambærilegu starfi
- Færni í mannlegum samskiptum og þjónustulípurð
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð



Sótt er um á ráðningarvef okkar á [www.iskraft.is/um-okkur/iskraft/laus-storf/](http://www.iskraft.is/um-okkur/iskraft/laus-storf/). Nánari upplýsingar um starfið gefur Ólafur Jensson sölustjóri Ískraft, [olij@iskraft.is](mailto:olij@iskraft.is). Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur til 23. febrúar 2020.



ISKRAFT

Ískraft er rafliðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur 4 starfsstöðvar, í Kópavogi, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ.

## Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

### Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**  
svo lífsgæði eflist og mannlíf á  
Suðurlandi blómstri

### Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með  
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**  
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur nýjar **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á [www.sass.is](http://www.sass.is)

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT  
ÞRIÐJUDAGINN 3. MARS, KL. 16:00



#### RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



## Aðalfundur myndlistarfélags Árnessýslu

Aðalfundur félagsins verður haldinn sunnudaginn 23. febrúar kl. 14.00 í vinnustofu félagsins Egilsstöðum í Hveragerði.

Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf og önnur mál.

Stjórnin



STJÓRNENDAFÉLAG  
SUÐURLANDS

## Páskar 2020

Til félagsmanna Stjórnendafélags Suðurlands sem hafa hug á að leigja orlofshús félagsins um páskana.

Hægt er að sækja um á heimasíðu félagsins [www.stjornandi.is](http://www.stjornandi.is). Valmöguleikar eru Svignaskarð hús 32, Brekkuheidi 15 Bláskógabyggð og Langahlíð 2 á Akureyri.

Umsóknarfrestur til 13. febrúar nk.

Orlofsnefnd Stjórnendafélags Suðurlands

## Krabbameinsfélag Árnessýslu býður körlum uppá fyrirlesturinn

### Karlar og krabbamein



Til okkar kemur Matti Ósvald Stefánsson, PCC markþjálfari og heilsufræðingur sem mun fjalla um reynslu af námskeiði fyrir karlmenn sem hann hefur haldið undanfarin ár í stuðnings- og endurhæfingarmiðstöð Ljössins.

Velt verður upp spurningum eins og, „eru karlar og konur ólíkar þegar kemur að því að sækja sér stuðning eftir að hafa greinst með krabbamein“ og „hvað upplifa karlmenn sem mesta stuðninginn“?

Fyrirlesturinn er eingöngu fyrir karlmenn og leitast Krabbameinsfélag Árnessýslu þar með eftir að skapa vettvang fyrir karlmenn til að fá fræðslu og deila sínum vangaveltum varðandi krabbamein og fylgikvilla þess. Fyrirlesturinn er liður í markmiði félagsins að efla karlastarfið og mæta þörfum karla og aðstandenda þeirra í krabbameinsferlinu.

Fyrirlesturinn er haldinn þann 18. febrúar að Eyravegi 23 á Selfossi, hefst kl. 17:30 og boðið verður uppá súpu og brauð að loknum fyrirlestri.

Sem fyrr er viðburðurinn frír og opinn öllum karlmonnum.



Krabbameinsfélag  
Árnessýslu



HEILSUHORN HSU

## Augnsýkingar og augnbólgur

Bólgur og roði í augum eru algeng einkenni. Oftast er um veirusýkingu að ræða sem fylgja gjarnan kvefi. Oftast lagast bólgur og roði af sjálfu sér en í sumum tilvikum þarf að leita til læknis.

Tárubólga er bólga í slímhúð augans eða augnhvítunni. Kemur oftast í bæði augun þarf þó ekki alltaf að vera þannig. Algengast er að tárubólga sé að völdum veirusýkingar sem ekki er hægt að meðhöndla með sýklalyfjum en hún lagast yfirleitt af sjálfu sér. Hún er oft fylgikvilla kvefpesta. Helstu einkenni hennar eru: graftarkennd útferð úr augum, augun límd saman á morgnana, roði í slímhúð augans eða augnhvítunni, píringur í auganu og leki úr auganu.

Hvarmabólga er mjög algeng og langoftast hættulaus. Hún kemur þegar litlir fitukirtlar í augnhárunum stíflast. Hún lagast þó oftast af sjálfu sér.

Einkenni eru: sviði í augum, píringur í auga eða augum, kláði, sérstaklega ef ofnæmi er til staðar, roði í augum og bjúgur (bólgur) á hvörmum og flögnuð húð í kringum augun.

Ofnæmisbólgur lýsa sér oft svipað og sýkingar í auga með roða og kláða og útferð úr auganu í formi

tára eða klístraðs vökva. Ofnæmisbólgur lagast oftast þegar ofnæmisvaldurinn fer eða með ofnæmislyfjum.

### Meðferð við augnsýkingum

- Haltu svæðinu í kringum augun hreinu. Þvoðu með volgu vatni og bómull eða mjúkum bómullarklút og hreinsaðu gröft og klístur af augnlökum.

- Þvoðu hendur reglulega með sápu.

- Þvoðu koddaver og þvottastykki úr heitu sápuvatni.

- Til þess að koma í veg fyrir smit ætti ekki að láta aðra nota sömu handklæði, koddaver og þvottastykki og sá sem er með augnsýkingu á auk þess að þvo þessa hluti með heitu sápuvatni.

- Ekki deila augnlyfjum, augnsnyrtivörum eða öðru sem snertir augun með öðrum.

- Reyndu að forðast að nudda augun.

- Gott getur verið að setja bakstur, kaldan eða heitan, á augun ef þig klæjar.

- Notir þú augnlinsur er gott að gefa þeim frí á meðan augun jafna sig.

Yfirleitt eru bólgur og roði augum saklaust og lagast af sjálfu sér með góðri umhirðu þá er sumar sýkingar sem þarfnað læknismeðferðar. Ef barn undir 2 ára aldri er með roða eða bólgu í augnum er ráðlagt að leita til



Margrét Björk Ólafsdóttir,  
hjúkrunarfræðingur.

læknis. Ef að þú ert búin að vera með sýkingu í einhvern tíma og hún lagast ekki með góðri umhirðu ættir þú að leita til læknis. Ef að þú notar augnlinsur og ert með einkenni um augnbólgur gætir þú verið með ofnæmi fyrir linsunum. Augnsýkingar geta smitast á milli augna og er það yfirleitt þá með snertingu eða þegar verið er að nudda augun.

Kvef er alltaf smitandi og einnig það sem fer í augun. Líkaminn ræður vel við slíkt kvef án aðstoðar nema í undantekningartilvikum. Táravökvi inniheldur sýkladrepandi efni og læknar því flestar sýkingar að þessum toga.

Margrét Björk Ólafsdóttir,  
hjúkrunarfræðingur

## Gjáin, Hjálparfoss, Háifoss og Granni friðlýst

Í síðustu viku skrifaði ég undir friðlýsingu hluta Þjórsárdals að viðstöddu margmenni í Árnesi. Innan þess svæðis sem nú er friðlýst eru meðal annars Gjáin, Hjálparfoss og Háifoss og eru þau friðlýst sem sérstök náttúruvætti. Friðlýsingunni er ætlað að varðveita sérkenni og einkenni landslagsins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess og svæðið er reyndar hið fyrsta hér á landi sem er friðlýst sem landslagsverndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Friðlýsingin er hluti af friðlýsingaráttakerfi sem ég setti af stað vorið 2018. Friðlýsingin í Þjórsárdal er fyrsta svæðið sem friðlýst er í áttáttu þar sem ágangur ferðamanna hefur verið mikill. Að mínu mati eru friðlýsingar kjörrið verkfæri til þess að passa upp á að ferðamennska bitni ekki á náttúru- og menningarminjum. Þannig geti náttúruvernd og ferðaþjónusta betur farið saman.

Fjöldi ferðamanna í Þjórsárdal hefur aukist stórum á



Guðmundur Ingi Guðbrandsson,  
Umhverfis- og auðlindaráðgjafi.

síðustu árum. Árið 2019 var svæðið komið á rauðan lista Umhverfisstofnunar yfir svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu. Strax í fyrra á meðan friðlýsingarvinnan fór fram setti ég sérstakt fjármagn í landvörslu og verkefni til að styrkja vernd svæðisins. Í síðustu viku bárust mér svo þær ánægjulegu fregnir að svæðið myndi færast af þessum rauða lista á þessu ári, vegna þessara aðgerða. Það gleður mig mikið að sjá árangur starfsins svo fljótt.

Það er mikilvægt að hugsa vel um þann þjóðararf sem felst



Hjálparfoss.

í náttúru okkar. Ein skilvirkasta leiðin til þess er að friðlýsa svæði, þannig að skipuleggja megi umferð og heimsóknir um þau með þeim hætti að náttúran njóti vafans og komandi kynslóðir geti notið þessara gæða líkt og við. Ég er þakklátur öllum þeim sem komið hafa að þessari vinnu sem leidd hefur verið af Umhverfisstofnun í góðu samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Skógræktina, Minjastofnun og forsætisráðuneytið.

Til hamingju með þennan áfanga.



blómaval

# FERMINGAR-DAGAR

í Blómavali

# 30% afsláttur

af ÖLLUM vörum í Blómavali

Gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins

Bit með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Árituð kerti

Áfentnaðar salmbækur

Áfentnaðar servíettur

-FEBRÚAR-

# TRÍÓ

ÞESSAR ÞRÍJAR ERU NÚ Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI!



# 1.790 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIDIR FYRIRFRAM OG SÆKIR

## TILBOÐS-PIZZUR!

SKINKA, ANANAS, BEIKONKURL OG AUKAOSTUR



BAHAMAS



BAZAAR



SURPRISE

# STÓR-PIZZA-



PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIRFRAM

# FRAM



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP

# Íþróttir

Efni sendist á: dagskrain@prentmet.is

## Tvö bronsverðlaun á RIG

**JÚDÓ** Júdódeild Selfoss sendi fimm keppendur á júdókeppni RIG, Alþjóðlegu Reykjavíkurleikana, sem haldin var í Reykjavík 25. janúar. Úlfur Þór Bøðvarson og Breki Bernhardsson unnu til bronsverðlauna.

Úlfur vann til bronsverðlauna í -90 kg flokki og Breki í -73 kg flokki. Bøðvar Arnarson var að keppa á sínu fyrsta móti í flokki seniora, aðrir keppendur voru þeir Hrafn Arnarson og Jakob Tomczyk. Þeir stóðu sig allir með þrýði þó ekki hafi unnið til verðlauna.

-bp



Úlfur (t.v.) og Breki með verðlaun á RIG. Ljósmynd: Umf. Selfoss

## Selfyssingar stefna á Norðurlandamótið

**FIMLEIKAR** Spannandi tímar eru fram undan hjá fimleikadeild Selfoss en bæði 1. flokkur stúlkna og 1. flokkur blandað lið stúlkna og drengja hjá deildinni eiga möguleika á að vinna sér inn þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga í hópímleikum sem mun fara fram í Randers í Danmörku

þann 18. apríl nk. Tvö mót telja til stiga en tvö efstu liðin, í hvorum flokki að þeim loknum, vinna sér inn þátttökurétt á mótinu.

Stúlknalið Selfoss er til alls líklegt en þær urðu Íslandsmeistarar í 1. flokki á síðasta tímabili. Blandað lið Selfoss er ungt og efnilegt og er að keppa

í fyrsta skipti í 1. flokki á þessu tímabili. Það verður spennandi að fylgjast með krökkunum á næstu vikum en fyrri úrtökumótið fer fram á Selfossi 15. febrúar nk. og hvetjum við Selfyssinga til að mæta og styðja við bakið á liðunum okkar sem æfa nú af kappi fyrir komandi átök.

-sól



## Kaylan Marckese skrifar undir hjá bikarmeisturunum

**KNATTSPYRNA** Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við bandaríska markvörðinn Kaylan Marckese og mun hún leika með bikarmeisturunum á komandi sumri.

Marckese er 22 ára gömul og lék með öflugum liði University of Florida í háskólaboltanum 2015-2018, þar sem hún spilaði 78 leiki og hélt hreinu í 29 þeirra, sem er skólamet.

Að loknu námi tók hún þátt í nýliðavali bandarísku atvinnumannadeildarinnar og var valin 29. í röðinni af Sky Blue FC. Hún var varamarkvörður liðsins á síðasta tímabili.

Marckese á að baki landsleiki fyrir U18, U19 og U23 ára lið Bandaríkjanna.

„Við erum búin að skoða markvarðarmálin vel og erum mjög spennit fyrir því að fá Kaylan til okkar. Hún hefur góðan skilning á leiknum, er snögg á línunni með öruggar hendur og góðar sendingar. Hún á örugglega eftir að falla vel inn í hópinn hjá okkur,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss.

## Stórmót ÍR



Frjálsíþróttadeild Selfoss átti tvo fulltrúa í praутabraut á Stórmóti ÍR á dögnum sem stóðu sig mjög vel. Á myndinni má sjá þá félagi Örn Hreinsson og Storm Leó Guðmundsson að keppni lokinni. Greinilega sáttir með árangur dagsins. Ljósmynd: Umf. Selfoss

## Umhleyppingar í janúar

**HANDBOLTI** Gengi strákanna okkar var eins og veðrið í janúar, hæðir og lægðir. Eftir góðan sigur á HK blés ekki byrlega þegar Eyjamenn komu í heimsókn á laugardag.

Selfoss mætti HK í sínum fyrsta leik í Olísdeildinni á nýju ári. Íslandsmeistararnir sóttu öruggan sigur í greipar heimamanna, 29-34.

Fyrsta mark leiksins skoraði Einar Sverrisson, en hann var að snúa aftur eftir tæpt ár á meiðslalistanum. Hann fór af stað af miklum krafti og skoraði fjögur af fyrstu fimm mörkum Selfyssinga. Það var jafnt á flestum tölum í fyrri hálfleik en Selfyssingar skoruðu síðustu fjögur mörk hálfleiksins og leiddu í hálfleik 13-17. Munurinn hélst lítið breyttur fram eftir síðari hálfleik en Selfyssingar skelltu í lás á lokakafnanum og unnu öruggan sigur 29-34.

Mörk Selfoss: Haukur Þrastarson 11/3, Einar Sverrisson og Atli Ævar Ingólfsson 7, Daniel Karl Gunnarsson og Alexander Már Egan 3, Magnús Öder Einarsson 2 og Guðni Ingvarsson 1. Varin skot: Einar Baldvin Baldvinsson 3 og Sölvi Ólafsson 3.

Selfoss lá fyrir Eyjamönnum í Suðurlandsslag með sjö mörkum, 29-36.

Jafnræði var á með liðunum fyrstu 19 mínúturnar, þá skor-



Einar Sverrisson var í sviðsljósinu í leikjunum tveimur en hann átti fráþæra endurkomu gegn HK, en fékk rautt spjald í byrjun leiks gegn ÍBV. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JAE

uðu Eyjamenn þrjú mörk í röð og breyttu stöðunni í 11-14. Staðan í hálfleik var 16-20. ÍBV komu sterkari til leiks í seinni hálfleik og skoruðu sjö mörk á móti þremur mörkum Selfoss og var staðan því orðin 19-27. Selfyssingar náðu aldrei að komast inn í leikinn og ÍBV fór með sigur.

Mörk Selfoss: Haukur 10/3, Atli Ævar 6, Guðni 4, Alexander Már 3, Ísak Gústafsson 2, Einar, Tryggvi Þórisson, Hannes Höskuldsson og Magnús Öder Einarsson 1. Varin skot: Einar Baldvin 7 og Sölvi 1.

Selfoss er í 5. sæti Olísdeildarinnar með 19 stig. Strákarnir fara í bikarverkefni í dag, miðvikudag, þar sem þeir mæta Stjórnunni í Garðabænum kl. 19:30. Næsti leikur í deildinni er gegn KA fyrir norðan á laugardag.



Katla María var sjóðandi heit í Grill 66 deildinni í seinustu viku. Ljósmynd: Umf. Selfoss/IHH

## Tveir góðir sigrar hjá stelpunum

**HANDBOLTI** Selfoss vann tvo góða sigra í Grill 66 deildinni í seinustu viku. Í fyrri leiknum sigraði liðið Fylki örugglega í Árbænum 19-23. Í síðari leiknum lögðu Selfyssingar frískt lið ÍR í toppbaráttunni 24-22.

Selfyssingar voru með yfirhöndina allan leikinn gegn Fylki, staðan í hálfleik var 9-13. Mest komust stelpurnar sjö mörkum yfir, 11-18, um miðjan seinni hálfleik. Þær gáfu aðeins eftir undir lokin og urðu lokatölur 19-23.

Mörk Selfoss: Katla María Magnúsdóttir 8, Hulda Dís Þrastardóttir 6/3, Agnes Sigurðardóttir, Katla Björg Ómarsdóttir og Þuríður Ósk Ingimarsdóttir 2, Hólmfríður Arna Steinsdóttir, Rakel Guðjónsdóttir og Elin Krista Sigurðardóttir 1. Varin skot: Henriette Østergaard 12.

Selfyssingar náðu snemma frumkvæðinu í leiknum gegn ÍR þó munurinn hafi ekki verið mikill. Það var ekki fyrr en undir lok fyrri hálfleiks sem munurinn fór í fyrsta sinn yfir þrjú mörk, ÍR náði þó marki til baka og staðan í hálfleik 13-11. Seinni hálfleikur var meira af því sama, Selfoss hélt frumkvæðinu án þess þó að hrista gestina af sér. Þær héldu haus allt til leiksloka og niðurstaðan, 24-22.

Mörk Selfoss: Hulda Dís 7/3, Katla María 6, Katla Björg 5, Agnes 3, Elin Krista 2 og Rakel 1. Varin skot: Henriette 8.

Selfoss er því áfram í þriðja sæti Grill 66 deildarinnar með 24 stig. Næsti leikur hjá stelpunum er á sunnudag gegn Fjölni í Dalhúsum kl. 16:00. Við hvetjum alla Selfyssinga til að mæta og styðja stelpurnar okkar.

## Með bros á vör

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina í sumar, dagana 30. júlí – 2. ágúst. HSK sér um framkvæmd mótsins í samstarfi við UMFÍ og Sveitarfélagið Árborg.

Unglingalandsmót UMFÍ er vímlaus íþrótta- og fjölskyldu-hátíð sem allir 11-18 ára geta keppt á en einnig eru verðug verkefni fyrir bæði yngri börn sem og fullorðna. Keppnisgreinarnar eru 24 talsins að þessu sinni. Mótið er fjölskyldu- og íþróttahátíð því einnig er boðið upp á tónleika á kvöldin og metnaðarfulla dagskrá fyrir alla móts gesti.

Við búumst við miklum fjölda keppenda og gesta um helgina, margir munu nýta sér tjaldsvæðin við Suðurhóla og Engjaveg, aðrir í nálægum byggðum. Við hvetjum Selfyssinga og aðra Sunnlendinga til að



taka þátt í mótinu, keppnisgreinum, skemmtun og afþreyingu, auk þess sem þörf er á fjölda sjálfboðaliða við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Við heimamenn, einstaklingar og fyrirtæki, þurfum líka að búa okkur undir að taka vel á móti gestum okkar, veita þjónustu, aðstoð og vera jákvæð, með bros á vör!

Undirbúningur er kominn í

fullan gang, fréttir og dagskrá mun birtast inni á [www.ulm.is](http://www.ulm.is), skráningarfrestur í keppnisgreinar verður fram að helginni fyrir mót en ekki mun þurfa að skrá þátttöku fyrirfram í afþreyingu og marga viðburði mótsins. Til að geta framkvæmt mótið þarf fjármagn og munu fulltrúar okkar á næstunni leita til fyrirtækja um samstarf og stuðning við mótshaldið en þeir sem hafa áhuga á samstarfi, hafa hugmyndir eða tillögur eiga endilega að hafa samband við HSK, t.d. með tölvupósti á [hsk@hsk.is](mailto:hsk@hsk.is) eða með því að hringja í síma 482 1189.

Allir eru velkomnir, - allar hugmyndir eru velkomnar, margar hendur þarf til aðstoðar. Verum jákvæð, tökum þátt, - með bros á vör.

*F.h. framkvæmdanefndar ULM Þórir Haraldsson, formaður.*

## Lífshlaupið 2020 hefst í dag

Lífshlaupið er heilsu- og Lhvatningarverkefni ÍSÍ sem höfðar til allra aldurshópa. Nýtt lífshlaupsár hefst í dag, þann 5. febrúar og er opið fyrir skráningu á vefsíðu Lífshlaupsins [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is).

Á síðasta ári voru um 17 þúsund virkir þátttakendur í samtals um 500 skólum og vinnustöðum. Verkefnið miðar að því að hvetja landsmenn til að huga að daglegri hreyfingu og auka hana eins og kostur er. Lífshlaupið er góð byrjun á hreyfingu fyrir lífstíð.

Eftirfarandi keppnir eru hluti af Lífshlaupinu:

Grunnskólakeppni fyrir 15 ára og yngri í tvær vikur, 5. - 18. febrúar.

Framhaldsskólakeppni fyrir 16 ára og eldri í tvær vikur, 5. - 18. febrúar.

Vinnustaðakeppni í þrjár vikur, 5. - 25. febrúar.

Einstaklingskeppni þar sem allir geta tekið þátt og skráð niður sína daglegu hreyfingu allt árið.

Skólar, vinnustaðir og einstaklingar á Suðurlandi eru hvattir til að taka þátt í verkefninu í ár.



## Tvö HSK-met á RIG

FRJÁLSAR Reykjavík International Games í frjálsíþróttum fór fram í Laugardalshöllinni sl. sunnudag. RIG er alþjóðlegt boðsmót og sterkasta frjálsíþróttamótið hér á landi ár hvert þar sem fremsta frjálsíþróttafólk landsins mætir sterkum erlendum keppendum. Rúmlega 100 keppendur tóku þátt og þar af voru fimm keppendur af sambandssvæði HSK.

Dagur Fannar Einarsson tók þátt í tveimur greinum. Hann kom fyrstur í mark í 400 metra hlaupi unglunga á 51,47 sek. Þessi tími er bætting á ársögmlu HSK-meti Dags í flokki 18-19 ára. Þorvaldur Gauti Hafsteinsson hljóp á 1:43,19 mín. í 600 metra hlaupi og bætti eigið tveggja vikna gamalt HSK-met í 13 ára flokki um tæpa sekúndu.

Mótið var að hluta til sýnt í sjónvarpinu og þar mátti m.a.



Dagur Fannar vann 400 m. hlaup í sínum aldursflokki og setti HSK met.

sjá Evu Maríu Baldursdóttur metra, sem er jöfnun á hennar besta árangri í hástökki innanhúss.

## Minningarorð um félagaga

Mætur félagi í Golfklúbbsi Selfoss er fallinn frá. Vilhjálmur Þór Pálsson hefur frá upphafi og stofnun Golfklúbbs Selfoss verið einn öflugasti og virkasti meðlimur klúbbsins. Villi, eins og hann var kallaður, gegndi margvíslegum störfum fyrir klúbbinn. Villi byrjaði golfíðkan á golfvællinum við Engjaveg fyrir 1980. Hann var meðstjórnandi árin 1981 og 1982, og gjaldkeri klúbbsins árið 1983. Þá var spilað á golfvællinum við Alviðru. Hann vann fyrst til verðlauna á þeim árum.

Villi var gríðarlega mikill keppnismaður í golfinu. Hann fór hratt yfir, mátti ekki vera að því að slóra. Hann tók þátt í

meistaramótum og vann oft til verðlauna, sérstaklega í flokki eldri kylfinga.

Þau Tóta, eiginkona hans, voru sennilega þeir meðlimir klúbbsins sem spiluðu völlin okkar hvað oftast, sama hvaða árstíma var um að ræða. Það þurfti ansi slæmt veður til að Villi færi ekki hring, ef ekki tvo.

Villa var mjög annt um framgang og uppvöxt Golfklúbbs Selfoss og fylgdist hann ævinlega með árangri yngri kylfinga og hvatti þá áfram.

Við sendum Tótu og fjölskyldu okkar innilegustu samúðarkveðjur. Megi minningin um góðan félagala lífa.

Félagar í Golfklúbbsi Selfoss



## Skólaakstur og hópferðaþjónusta 2020 - 2025

Ríkiskaup, fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar, kt. 650598-2079 óska eftir tilboðum í akstur sem heyrir undir starfsemi fjölskyldusviðs Árborgar. Þjónustuverkefninu er skipt í eftirtalda fimm innkaupahluta:

Númer:	21033
Útboðsaðili:	Ríkiskaup
Tegund:	Þjónusta
Útboðsgögn afhent:	29.01.2020 kl. 00:00
Skilafrestur:	02.03.2020 kl. 12:00
Opnun tilboða:	02.03.2020 kl. 13:00

- Skólaakstur milli Eyrarbakka og Stokkseyrar samkvæmt tímatöflu og tilfallandi akstur.
- Skólaakstur fyrir Vallaskóla og Sunnlækjarskóla og nýjan grunnskóla í Björkustykki samkvæmt tímatöflu og tilfallandi akstur.
- Frístundaakstur fyrir skólabörn á Selfossi samkvæmt tímatöflu.
- Innanbærjarstrætó fyrir Árborg sem einnig er hugsaður til þess að sinna frístundaakstri fyrir skólabörn á Eyrarbakka og Stokkseyri.
- Akstur fyrir ferðaþjónustu fatlaðra og notendur dagdvalar aldraðra, Árblik.

**Einungis er heimilt að einn aðili geri tilboð í alla fimm innkaupahlutana. Innkaupahlutum verður ekki skipt upp. Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun þjónustuverksins en þá sem lýst er í útboðsgögnum þessum.**

Þjónustuverkið skal framkvæma í samræmi við útboðsgögn eins og þeim er lýst í gögnunum þessum. Óskað er eftir tilboðum frá aðilum sem geta uppfyllt kröfur laga nr. 28/2017 um farþega- og farmflutninga.

Gert er ráð fyrir 5 ára samningi með möguleika á framlengingu allt að 3 sinnum, 1 ár í senn. Þjónusta fyrir hluta 1 - 4 hefst 1. 8. 2020 og fyrir hluta 5 1. 1. 2021.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðskerfi Ríkiskaupa, TendSign.

Leiðbeiningar varðandi útboðskerfið má nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa.



## Skipulagsmál í Ölfusi Endurskoðun aðalskipulags

Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss 30. janúar 2020 var lögð fram og samþykkt til kynningar skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022. Í skipulagslýsingu er m.a. gerð grein fyrir ástæðum endurskoðunar aðalskipulagsáætlunarinnar, helstu áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði, tímaferli, umhverfismati áætlunar og gildistíma.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hún kynnt fyrir hagsmunaaðilum og tækifæri gefið á að skila inn umsögnum eða athugasemdum. Skipulagslýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, og á heimasíðu sveitarfélagsins [www.olfus.is](http://www.olfus.is), frá 31. janúar til 17. febrúar 2020 og gefst athugasemdafrestur þangað til. Athugasemdir má skila á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins eða á [skipulag@olfus.is](mailto:skipulag@olfus.is) merkt „Aðalskipulag“.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi*



## Skipulagstillaga í Sveitarfélaginu Ölfusi

### Tvær deiliskipulagstillögur í Gljúfurárholti

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Gljúfurárholt land 8 og land 9, 816 Ölfus.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, þann 30. 01. 2020, samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir lönd 8 og 9 Gljúfurárholti. Málsmeðferð er skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

### Gljúfurárholt land 8 (199502)

Deiliskipulagt er landbúnaðarlandið Gljúfurárholt land 8 í Gljúfurárholti Ölfusi ásamt hluta úr jörð Gljúfurárholt 171707. Landið hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Svæðið er 4,4 ha að stærð. Á því skal byggja eitt íbúðarhús í, 250 m<sup>2</sup> á einni eða tveimur hæðum. Hámarkshæðir eru 10 m. Hesthús og skemmu L1, 1.800 m<sup>2</sup> að stærð. Tækjaskemmu L2, allt að 450 m<sup>2</sup>. Byggingar skulu rúmast innan byggingareits og fylgja nýtingarhlutfalli aðalskipulags.

### Gljúfurárholt land 9 (199503)

Deiliskipulagt er landbúnaðarlandið Gljúfurárholt land 9 í Gljúfurárholti Ölfusi.

Landið hefur ekki verið deiliskipulagt áður. Landið er 17,4 ha að stærð. Á því skal byggja þrjú íbúðarhús í, 12, og 13, bílskúr og skemmu allt að 262 m<sup>2</sup> og eitt frístundahús F1 allt að 162 m<sup>2</sup> á einni eða tveimur hæðum. Hámarkshæðir eru 10 m. Byggingar skulu rúmast innan byggingareits og fylgja nýtingarhlutfalli aðalskipulags.

Deiliskipulögin tvö eru í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2010-2022. Fjarlægð húsa frá Hvammsvegi hefur hlotið undanþágu hjá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Lagning frárennslislagna og rotþróar er á ábyrgð landeiganda. Staðið skal að framkvæmdum eins og lýst er í leiðbeiningariti nr. 03/01 frá Umhverfisstofnun og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Svæðið er innan þjónustusvæðis slökkviliðs Hveragerðis.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, frá og með 3. febrúar til og með 20. mars 2020 á skrifstofutíma. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir innan þess tíma. Athugasemdir má skila á bæjarskrifstofum sveitarfélagsins eða á [skipulag@olfus.is](mailto:skipulag@olfus.is) merkt „Gljúfurárholt 8 og 9“. Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagið innan tilskilins frests teljast samþykkir því.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi*

## Einfaldaralífi

### ÞEGAR HUGMYNDIR FÁ VÆNGI



Ég elska þegar maðurinn minn segir við mig, „ég fékk hugmynd“. Það þýðir að hann hefur verið að spá og spekulera og eitthvað skapandi og spennandi er í framkvæmd í huga hans. Hann hefur hæfileika til að sjá hluti fyrir sér áður en þeir verða og fyrir en varir er hann byrjaður. Byrjaður að breyta



eldhúsinu, byrjaður að breyta skrifstofunni, búin að bæta við auka herbergi og svo framvegis. Ég fæ líka hugmyndir en ekki endilega eins og hann. Mínar hugmyndir tengjast því oftast en ekki hvernig hægt er að gera fjölskylduna samrýmdari, vinna að vexti og þroska fjölskyldumeðlima og annarra einstaklinga. Ég hef þörf fyrir að koma þeim hugmyndum sem ég fæ í orð og ég hef þörf til að fá annað fólk með mér í vegferð sem leiðir mig og aðra á betri stað.

Í dag var ég að hugsa umhverfu mikilvægt er að leyfa hugmyndunum að fá vængi. Leyfa þeim að fá rými í huga okkar. Í huga mér kom myndlíkingin af lítilli lírfu sem

þarf að vera í þögn og einveru þangað til einn daginn hún breytist í fallett fjærildi. Þegar ég vel að taka mér tíma í þögn þá streyma hugmyndirnar fram og sumar þeirra fá vængi. Rétt eins og lírfan fær vængi eftir ákveðinn tíma.

Í nútíma samfélagi grípum við oftast en ekki í símann ef okkur leiðist. Við kveikjum á sjónvarpinu eða útvarpinu og gefum okkur ekki tækifæri til að dvelja í þögninni. Það eru magnaðir hlutir sem geta gerst í þögn. Hugsanir koma upp á yfirborðið, hugmyndir fæðast og líf okkar getur breyst.

Eina nóttina vaknaði ég við það að ég fékk hugmynd. Hugmynd að netnámskeiði sem hafði mikil áhrif á starfsferil minn og vinnu. Námskeiðið fæddist þessa nótt og hugmyndin hélt fyrir mér vöku. En það er ekki gott að missa of mikinn svefn. Því er nauðsynlegt fyrir okkur að gefa þögninni rými að degi til, til þess að hugmyndir og hugsanir fái að fæðast.

Hér koma nokkur dæmi um það hvernig þú getur leyft „þögn“ að verða hluti af lífi þínu.

1. Farðu í göngutúr án þess að hafa heyrnatól í eyrunum
2. Vaknaðu á undan öðrum fjölskyldumeðlimum og sestu í upphalds stólinn þinn í nokkrar mínútur
3. Slökktu reglulega á samfélagsmiðlum og öðru sem veldur þér áreiti. Mér finnst gott að gera þetta í 24 klst á viku. Ég kalla það 24:1
4. Svæfðu símann þinn áður en þú ferð að sofa (leggðu hann frá þér og gerðu aðra hluti en að skoða símann fyrir svefninn).
5. Farðu í gufubað úti í sundlaug, lokaðu augunum og dveldu í þögninni.

Það eru til ýmsar leiðir til að dvelja í þögn. Ég hvet þig til að gefa þér tíma til þess þó svo það sé ekki nema í nokkrar mínútur á dag. Áreitið er mikið í samfélaginu og því er nauðsynlegt fyrir okkur að taka okkur tíma til þess reglulega. Það er oft gott að byrja á nokkrum mínútum og bæta svo smám saman við.

*Dagnarkveðja,  
Gunná Stella*

## Um fasteignagjöld í Sveitarfélaginu Árborg

Í janúar ár hvert kemur fyrsta lrukkun fyrir fasteignagjöld ársins. Mér var mjög brugðið við að sjá þá hækkun sem var á þessum gjöldum frá síðasta ári, svo ég ákvað að skoða þennan gjaldalið aftur í tímenn. Þessi hækkun nemur um 10% frá síðasta ári og 35% frá árinu 2017. Þessi hækkun er langt umfram verðlagsþróun eins og hún er sett fram opinberlega og þetta er langt umfram launaþróun. Til að glöggva mig aðeins betur á þessum hækkunum reiknaði ég hlutfall fasteignagjalda á móti árs ráðstöfunartekjum og fékk út að árið 2017 var þetta hlutfall 5,6% en fyrir árið 2020 er hlutfallið komið í 7,0%. Það er því augljóst að þessi hækkun fasteignagjalda rýrir talsvert ráðstöfunartekjur.

Fasteignaskattur er lagður á samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga og má vera allt að 0,5% af fasteignamati íbúðarhúsa. Þetta hlutfall fyrir t.d. atvinnuhúsnæði er hærra eða allt að 1,32%. Jafnframt er í þessum lögum heimild til að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Þar er sveitarstjórn einnig lögð sú skylda á herðar að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis. Tekið skal fram



að slíkar reglur eru í gildi fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fasteignagjöld eru hlutfall af fasteignamati. Fasteignamat eigna í þessu sveitarfélagi hefur hækkað vegna vaxandi eftirspurnar eftir húsnæði. Það hefur fjölgað í sveitarfélaginu og því ber að fagna. Þetta verðmat á fasteignum getur verið vísbending um bóluhagkerfi á fasteignamarkaðnum. Við hjónin keyptum okkar hús 2007, eða skömmu áður en fasteignamarkaðurinn fraus. Við höfum reynt að halda því við en ekki lagt í mikinn kostnað við það. Samt sem áður hefur fasteignamat þess meira en tvöfaldast frá

því við keyptum það. Flestar húseignir í sveitarfélaginu hafa sömuleiðis hækkað með sambærilegum hætti. Við getum aðeins nýtt hækkað verð fyrir húseignina með því að flytja í aðra landshluta eða jafnvel út, sem stendur ekki til.

Ég vil gjarnan fá svör við því hvort unnt sé að milda hækkanir á fasteignagjöldum með einhverjum hætti?

Að lokum skal bent á að allmargar starfsstéttir eru með lausa kjarasamninga m.a. sú sem ég tilheyri. Hækkanir á opinberum gjöldum hljóta óhjákvæmilega að skapa þrýsting á launahækkanir til að mæta þeim.

*Valgeir Bjarnason*



Landsvirkjun

## Leitum að rafvirkja fyrir nýja tíma

Við óskum eftir að ráða rafvirkja í öflugt teymi starfsfólks á Sogssvæði við Írafoss og Ljósafoss. Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á rafbúnaði.

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Þekking á viðhaldi búnaðar; loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, [landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is). Fyrirspurnir um starfið má senda á [starf@landsvirkjun.is](mailto:starf@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.





**TÓNLISTARSKÓLI  
ÁRNESINGA**

**DAGUR TÓNLISTARSKÓLANNA 2020**  
laugard. 8. febrúar

Í tilefni dagsins stendur Tónlistarskóli Árneseinga fyrir sjö svæðistónleikum í Árneseyslu.

Í sal skólans **Eyrovegi 9, Selfossi** (3. hæð)  
**kl. 10:00, 12:00 og 14:15**

**kl. 10:00 Félagsheimilinu Aratungu**  
Nemendur úr Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi

**kl. 12:00 Félagsheimilinu Árnesei**  
Nemendur úr Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

**kl. 14:15 Hveragerðiskirkju**

**kl. 16:00 Þorlákskirkju**  
Nemendur úr Ölfusi, frá Stokkseyri og Eyrarbakka

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir!



**Sveitarfélagið  
ÁRBORG**

**Styrkur til félagsamtaka  
vegna greiðslu fasteignaskatts**

Frestur til að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem nýttar eru fyrir starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, s.s. menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum, rennur út 16. mars nk.

Skilyrði er að viðkomandi fasteign sé skráð eign almenns félags eða að það sé handhafi þinglýsts húsaleigusamnings til a.m.k. eins árs og að fram komi í samningnum að félagið skuli greiða fasteignagjöld af hinu leigða húsnæði. Reglur um styrkveitingar og eyðublöð má nálgast í Ráðhúsi Árborgar eða á heimasíðu sveitarfélagsins, <http://www.arborg.is>.

Sveitarfélagið Árborg  
Ingibjörg Garðarsdóttir  
fjármálastjóri

## Um makaskipti á landi í Svf. Árborg

**Sigurjón Vídalín  
Guðmundsson**

Formaður  
skipulags og  
byggingarnefndar



**Eggert Valur  
Guðmundsson**

Formaður  
bæjarráðs



Bæjarfulltrúar D-lista lögðu talsvert á sig við að gera tortryggilegan hagstæðan samning um makaskipti á landi sem samþykktur var á síðasta fundi bæjarstjórnar Svf. Árborgar, þann 15. janúar sl. Á fundinum voru samþykkt skipti á 13,2 hektara landspildu við Eyrarbakka, í eigu sveitarfélagsins, fyrir 19,9 hektara landspildu úr landi Stekka, en sú spilda er í 3 km fjarlægð frá Selfossi. Þetta hljóta að teljast mjög hagstæð skipti fyrir sveitarfélagið. Hagsmunir seljandans eru að hann fær í staðinn land nærri sínu eigin býli og á því betra með að hagnýta það. Góð viðskipti eru jafnan þannig að báðir aðilar hafa hag af.

Í umræðum um málið gerðu bæjarfulltrúar D-lista tilraun til að fegra makaskipti á landi Gamla Hrauns sem meirihluti D-lista gerði á síðasta kjörtímabili, um leið og þeir lýstu núverandi viðskiptum sem vinargreiða. Þeir lögðu því fram eftirfarandi bókun við afgreiðslu málsins:

„Makaskipti á landi Gamla Hrauns sem meirihluti D lista gerði á síðasta kjörtímabili var vegna þess að sveitarfélagið skorti land undir dælustöð og lét í skiptum óbyggilegt land, því voru þetta miklir hagsmunir sveitarfélagsins. Hagsmunir sveitarfélagsins í þessum makaskiptum sem nú er verið að samþykkja er ekki í þágu þess“

### Rétt skal vera rétt

Í umræðum vegna málsins á fyrrnefndum fundi bæjarstjórnar létu bæjarfulltrúar D-lista m.a. þau orð falla að það land sem sveitarfélagið hefði látið í skiptum við Gamla Hraun 2 hefði verið gamlir ruslahaugar og ekki nothæft byggingarland auk þess sem sveitarfélagið hefði vantað

land undir nýja dælustöð sem stóð til að reisa og því nauðsynlegt að fara í umrædd makaskipti.

Þessar fullyrðingar standast hins vegar enga skoðun. Í fyrsta lagi er hið rétta að aðeins örlítil hluti landsins nær inn í gamla skeljasandsnámu sem nýtt var undir gróðurúrgang og landfyllingarefni austan við gömlu ruslahaugana á Eyrarbakka. Aðrir hlutar landsins eru ræktuð tún og þurrt gróð land enda stendur landið hátt og á sandi og telst vera 7,38 ha. Aðalatriði málsins er að sveitarfélagið afhenti eitt besta byggingarland sem finnst við sjávarsíðuna í sveitarfélaginu í skiptum fyrir 0,88 ha. af óræktuðu landi undir dælustöð og 10,4 ha. mýri upp með Eyrarbakka-vegi. Umrætt land verður seint flokkað undir gott byggingarland eða hentugt til ræktunar ólíkt landinu sem var látið í skiptum. Erfitt er því að sjá hvernig þessi gjörningur fyrrum meirihluta D-lista hafi verið í þágu hagsmuna sveitarfélagsins.

Í öðru lagi þegar skoðuð er fullyrðingin um nauðsyn þess að fara í umrædd makaskipti á landi við Gamla Hraun 2 vegna knýjandi þarfar á því að fá land undir nýja dælustöð er í besta falli vafasöm. Ekki er fráleitt að álykta að meirihluti D-lista hafi þurft að fara og leggjast á hnen gagnvart eigendum jarðarinnar Gamla Hrauns 2, til þess að snúa ofan af eigin klúðri. Ef skoðað er hvernig staðið var að því að byggja umrædda dælustöð vakna grunsemdir um að ekki hafi verið vandað nægjanlega vel til verka. Í því ferli sem fór af stað kemur eftirfarandi í ljós ef skoðaðar eru afgreiðslur Framkvæmda- og veitustjórnar á kjörtímabilinu 2014-2018.

Þann 20.1. 2016 kemur málið fyrst til afgreiðslu og voru mál-efni hita- og vatnsveitu til umræðu og eftirfarandi var bókað: „Þörf er orðið á nýrri dælustöð fyrir Stokkseyri og Eyrarbakka. Framkvæmda- og veitustjóra falið að undirbúa málið“. Næsta sem gerist í þessu máli var ákvörðun sem tekin var 3 mánuðum seinna, á fundi þann 13. 04. 2016 og eftirfarandi bókun samþykkt: „Kostnaðaráætlun fyrir nýja dælustöð lögð fram. Unnið er að gerð deiliskipulags og stefnt að auglýsingu í maí. Unnið verður áfram að undirbúningi framkvæmda“

Og áfram var unnið að málinu og á fundi þann 18. 05. 2016 mánuði síðar var bókað: „Farið yfir stöðu verkefnisins. Hönnun dælustöðvar er nánast lokið og deiliskipulag verður tekið fyrir á næsta fundi skipulags- og byggingarnefndar“. Deiliskipulagið var svo auglýst í framhaldinu og engar athugasemdir komu fram.

### Staðreyndir málsins

Það sem vekur sérstaka athygli að þegar lesið er yfir forsendur skipulagslýsingarinnar vegna framkvæmdarinnar kemur skýrt fram að Svf. Árborg sé eigandi landsins sem um ræðir. Það er að sjálfsgöðu rangt og vekur því upp þá áleitnu spurningu hvort fyrrum meirihluti D-lista hafi talið sveitarfélagið eiga umrætt land og hafið framkvæmdir í öleyfi í byrjun árs 2017, en ekki var gengið frá makaskiptum við eigendur Gamla Hrauns 2 fyrr en á síðasta fundi bæjarráðs þann 24. maí 2018. Meira en ári eftir að framkvæmdir hófust við nýja dælustöð. Það vekur því einnig upp þá spurningu hvort það hafi virkilega verið svo að með því að hefja framkvæmdir í öleyfi hafi sveitarfélagið sett sig í svo slæma samingsstöðu gagnvart eigendum Gamla Hrauns 2 að Svf. Árborg hafi fundið sig knúð til að fara í jafn óhagstæð makaskipti á landi eins og raun ber vitni og rakið er hér að ofan.

Það vekur því furðu að í bókun fulltrúa D-lista, sem lögð var fram á síðasta bæjarstjórnarfundum, sé því haldið fram að sveitarfélagið hafi skort land undir dælustöð og af þeirri ástæðu hefðu umrædd makaskipti á landi verið gerð. Eins og framkvæmdarferlið sýnir svo ekki verður um villst að meirihluti D-lista taldi sig eiga umrætt land þar sem dælustöðin var staðsett. Það á að vera ófrávikjanleg krafa að kjörnir fulltrúar fari með rétt mál er varða málefni sveitarfélagsins. Í þessu máli virðist minnihluti D-lista leggja sig mjög fram um að gera ákvarðanir núverandi meirihluta bæjarstjórnar eins tortryggilegar og hugsast getur. Undirritaðir vikja sér ekki undan málefnalegri gagnrýni á störf meirihluta bæjarstjórnar, en sú gagnrýni verður að vera lögð fram á málefnalegan og heiðarlegan hátt og að fullyrðingar kjörinna fulltrúa standist skoðun.

## Halldór Garðar Hermannsson var valinn íþróttamaður Ölfuss 2019

Val á íþróttamanni Ölfuss fór fram í Ráðhúsi Ölfuss þann 26. janúar sl. Titillinn íþróttamaður Ölfuss 2019 féll í skaut körfuknattleikmannsins Halldórs Garðars Hermannssonar að þessu sinni. Þess má geta að Halldór var einnig útnefndi íþróttamaður Ölfuss árið 2017.

Halldór er reynslumikill leikmaður þrátt fyrir ungan aldur en hann hefur verið í öllum yngri

landsliðum KKÍ og leikið á Norðurlandamótum og Evrópumótum. Halldór er lykilleikmaður í meistaraflökki Þórs og seinasta haust var hann að meðaltali með 15,1 stíg, 11,6 framlagspunkta og 5,2 stoðsendingar. Í uppgjöri Dominos-kvólts fyrir fyrri hluta núverandi móts var Halldór valinn í úrvalslíð deildarinnar.

-gpp





ÍSLENSKA  
ÁNÆGJUÖGIN

# Ánægðari viðskiptavinir



**SJÓVÁ**



## Skipulagsauglýsing fyrir Sveitarfélagið Ölfus

### Deiliskipulagsbreyting fyrir Kinn L212149

Á 275. fundi bæjarstjórnar Ölfuss 30. 1. 2020 sl., var samþykkt að auglýsa deiliskipulagsbreytingu skv. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Erindið hafði hlotið umræðu og afgreiðslu á 3. fundi skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss þann 23. 1. 2020.

Með breytingunni er skipan reita breytt og þeir stækkaðir. Reitur 1 verður fyrir íbúðarhús og færast til. Reitur 2 og 3 eru stækkaðir og færast til vesturs. Þar verða gróðurskýli reist, annarsvegar varanlegt gróðurhús og hins vegar plastdúkur á stálgrind. Greinargerð uppfærð. Með samþykkt bæjarstjórnar gefst undanþága vegna

nýtingarhlutfalls aðalskipulags Ölfuss frá 0,05 í 0,15, er það sökum eðli bygginga og byggingarefna.

Deiliskipulagsbreytingin verður til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, og á heimasíðu frá og með 5. febrúar til og með 20. mars 2020. Þeir sem telja sig eiga hagsmunu að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir innan þess tíma. Athugasemdum má skila á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins eða á skipulag@olfus.is merkt „Kinn“. Þeir sem ekki gera athugasemdir teljast samþykkrir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfuss.



## Sveitarfélagið ÁRBORG

### Eyravegur 34-38 Selfossi Lýsing deiliskipulagsáætlunar

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing deiliskipulags fyrir lóðirnar Eyravegur 34-38 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem skilgreint er verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæði.

Skipulagssvæðið afmarkast af lóðunum Eyravegi 34-38, Selfossi. Lóðirnar eru vestan Fossvegur og norðan Eyravegar.

**Eyravegur 34.** Áætlað er að á lóðinni verði heimilað að byggja tvö stakstæð hús, byggingarnar geta verið með verslun og þjónustu á 1. hæð með íbúðum þar fyrir ofan, einnig verði heimilt að vera með íbúðirnar á öllum hæðum. Byggingarnar verði 4 og 5 hæða hús með möguleika á bílakjallara.

Verði sett tvö hús á reitinn skal það hús sem stendur norðar í reitnum vera hærra en það sem stendur nær suðri líkt og húsinn við Fossveg. Verði aðeins byggð ein bygging á lóðinni skal hún ekki vera hærra en 4 hæða.

**Eyravegur 38.** Heimilt verði að byggja 4 hæða hús á lóðinni.

Hæðarskilmálar eru eins fyrir lóðirnar og við fjölbýlishúsin við Fossveg 2-4 og 6 þ.e. 5 hæða hús með risþaki má mest vera 18.0 m frá gólfplötu 1. hæðar og 4 hæða hús 15.0 m. Veggghæð skal ekki vera meiri en 17,0 m fyrir 5 hæða hús og 15,0 m 4 hæða hús mælt frá gólfplötu 1. hæðar. Þakhalli er frjálst að uppfylltum ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar.

Nýtingarhlutfall lóðanna verður 1,1

Bílastæði verða eftirfarandi.

Fyrir verslunar- og þjónusturými skal vera 1 bílastæði á hverja 50 m<sup>2</sup>.

Fyrir íbúðir 80 m<sup>2</sup> og minni skal vera 1 bílastæði á hverja íbúð. Fyrir íbúðir 80 m<sup>2</sup> og stærrí skulu vera 2 bílastæði á hverja íbúð.

Fjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skal vera samkvæmt ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar. Fylgja skal ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar varðandi aðgengi að rafmagni fyrir hleðslu rafmagnsbíla.

Heimilt er að gera bílakjallara undir húsunum.

Lýsing deiliskipulagsáætlunarinnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 21. febrúar 2020. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu sveitarfélagsins, <http://www.arborg.is>.

Virðingarfyllst,

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

## Allir á svið í Tungunum

Leikfélag Ungmennafélags Biskupstungna hefur hafið æfingar á leikritinu „Allir á Svið“ eftir Michael Frayn, í þýðingu Gísla Rúnars Jónssonar. Hópurinn hefur verið að æfa frá byrjun janúar eftir að búð var að ráða leikstjóra til að stýra verkinu. Leikstjórinn að þessu sinni er Ólafur Jens Sigurðsson ættaður frá Selfossi. Leikhópurinn saman stendur af reynsluboltum úr sveitinni ásamt nokkrum nýjum andlitum sem bæta hópinn. Verkið fjallar um leikhóp sem er að setja upp leikverk en það reynist þessu fólki ekki eins auðvelt og ætlast var til. Ýmislegt kemur upp á sem



ekki á að gerast og úr verður vandræðagangur sem effitt er að leysa. Mikið hefur verið hlegið á æfingum hjá okkur og vonast er til að það eigi eftir að skila sér til áhorfenda. Áætlað er að frumsýna um miðjan febrúar og verður það auglýst síðar. Einnig verða upplýsingar að finna á Facebook-síðu leikdeildarinnar.

## Þjóðsaga til næsta bæjar Nýtt íslenskt leikrit fyrir alla fjölskylduna

Það eru ýmsar verur á kreiki í Hveragerði um þessar mundir. Þar eru álfar og tröll, lítill týndur prins, og sá sem finnur prinsinn hlýtur hálf konungsríki að launum! Kotbændur lenda í ýmsum ævintýrum og frést hefur af sál einni á ferðalagi í gamalli skjóðu og svo mætti lengi telja.

Leikfélag Hveragerðis frumsýnir föstudaginn 7. febrúar nk. kl. 19:30 nýtt íslenskt leikrit, sem fengið hefur nafnið „Þjóðsaga til næsta bæjar“. Leikritið er byggt á þjóðsögum Jóns Árnasonar en 200 ár voru liðin frá fæðingu hans sl. haust. Jón skráði og safnaði hundruðum af íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og munnmælasögum. Sögum sem væru nú án efa flestum gleymdar og tröllum gefnar! Þykir okkur í Leikfélagi Hveragerðis vel við hæfi að heiðra minningu Jóns með þessu verki.

Höfundur leikgerðar er hinn góðkenni leikari Örn Árnason en



hann hefur einnig samið söngtexta og flest lög in sýningunni. Verkið er spunnit saman úr nokkrum þekktustu þjóðsögum og ævintýrum sem Jón hélt til haga, meðal annars koma hinir „bráðskörpu“ Bakkabræður töluvert við sögu og að sjálf-sögðu hin geðþekka Gilitrutt.

Æfingar hafa staðið yfir síðan í byrjun nóvember og hafa gengið vel. 22 leikarar fara með fjölda hlutverka, en alls koma 32 að verkinu. Sýnt er í Leikhúsinu að Austurmörk 23 í Hveragerði.

Allar nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu félagsins.

## Söfnuðu fyrir Rauða krossinn í Árnassýslu

Alexander Jón Sigurðarson og Guðrún Olga Garðarsdóttir söfnuðu pening með því að halda hlutaveltu. Þau fengu aðstoð systkina og vina. Samtals söfnuðu þau 28.252 kr. Upphæðina fóru þau með til Rauða krossins í Árnassýslu.



## Lífsverk

### Ámunda Jónssonar snikkara

Dagskrá og sýning í Menningarsal Oddasóknar í Safnaðarheimilinu á Hellu

Laugardaginn 8. febrúar kl. 14:00 mun Guðrún Arndís Tryggvadóttir kynna bók sína LÍFSVERK - Þrettán kirkjur Ámunda Jónssonar og um leið opna sýningu á þrjátíu verkum sínum úr bókinni.

Verkefnið byggir á rannsókn um lífsverk Ámunda Jónssonar (1738-1805) smíðs á Suðurlandi.

Dagskráin hefst kl. 14:00 með fyrirlestri um líf og störf Ámunda en hann starfaði í Árnes- og Rangárvallasýslu á 18. öld og byggði þar þrettán kirkjur og skreytti með verkum sem sum er enn að finna í sex kirkjum, þ.e. Keldnakirkju, Krosskirkju, Kálholtskirkju, Oddakirkju, Mosfellskirkju og Gaulverjabæjarkirkju.

Sýningin á vatnslitamyndum Guðrúnar úr bókinni verður opin til 28. febrúar á opnunartímum Menningarsals Oddasóknar, Dynskálam 8 á Hellu.

Verið hjartanlega velkominn.





## Hittumst á gámavellinum

Skaftárhreppur mun næsta Sárið taka þátt í tilraunaverkefni um breytta sorphirðu í samstarfi við Háskóla Íslands og ReSource International ehf. Þetta er gert til að mæta auknum kröfum stjórnvalda um flokkun úrgangs.

Tilraunaverkefnið verður þannig að hreppnum er skipt upp í svæði og á hverju svæði verður mismunandi sorphirða. Á tveimur svæðum er engin sorphirða heim á heimilin og íbúar beðnir að koma með allt sitt sorp á gámasvæði. Á öðrum svæðum verður sótt heim á heimilin en mismunandi oft. Allir í Skaftárhreppi verða hvattir til að molutgera lífrænan heimilisúrgang og vonandi skilar það sér í enn falgri gördum og gróðri en nú er.

Undirbúningur hefur staðið í nokkra mánuði þar sem aðilar frá Skaftárhreppi, Háskóla Íslands og ReSource International ehf. hafa rætt málin og velt upp hugmyndum. Sorphirðan breytist frá og með febrúar 2020 og var ákveðið að halda íbúafund 29. janúar og kynna breytingarnar.

Var íbúafundurinn mjög vel sóttur, yfir 90 íbúar. Eva Björk Harðardóttir setti fundinn og hvatti fólk til að taka þátt í verkefninu með jákvæðum huga. Kostnaður við sorphirðu og sorpfögun væri mjög mikil og það væri til mikils að vinna að geta lækkað þann kostnað.

Heimamenn munu alfarið sjá um umsjón sorpmála þetta ár, ekkert verður boðið út fyrr en búið er að finna út hvaða leið er heppilegust.

Karl Edvaldsson frá ReSource International ehf. fór yfir hugmyndirnar og svaraði spurningum. Karl kom með auga gestsins á fundinn og nefndi vegalengdir í Skaftárhreppi þar sem er jafn langt frá Álftaveri og austur í Fljótshverfi eins og er að skreppa frá Keflavík til Hveragerðis. Þá eru ótaldir kílómetrar sem eru í Meðallandið og Skaftártunguna. Það er því til mikils að vinna að finna annað sorphirðukerfi en það að sækja heim á hvern bæ.

Ólafur Júlíusson, byggingarfulltrúi, Skaftárhrepps kemur til með að sjá um framkvæmd verkefnisins í hreppnum. Það þarf að ráða fólk, leigja bíla, kaupa gáma og tunnur og margt fleira. Þetta tekur tíma og verkefnið stendur og fellur með því að allir sýni ákveðna þolinmæði og láti vita þegar eitthvað vantar til að bæta úr því sem miður fer.

Og eins og einn fundargesta sagði þá verður þetta allt svo skemmtilegt þegar við förum að spjalla saman á gámavellinum og það verða til litlar félagsmiðstöðvar í hverju hverfi þar sem fólk hittist þegar það fer með sorpið á flokkunarbarinn.

Lilja Magnúsdóttir, kynningarfulltrúi Skaftárhrepps.



Karl Þóttur vegalengdir miklar í Skaftárhreppi og ástæða til að ná niður akstrinum með sorpi. Mynd: Hasse



Ólafur kemur til með að sjá um verkefnið og Eva Björk taldi að íbúar hefðu allt að vinna. Mmynd: Hasse



FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



## Íbúafundur í Árnosi, Skeiða- & Gnúpverjahreppi



Minjastofnun Íslands

Í tilefni af áformum um friðlýsingu menningarlandslags í Þjorsárdal blæs Minjastofnun Íslands til opins kynningarfundar um verkefnið í Árnosi þann 10. febrúar kl. 14. Friðlýsingarskilmála má nálgast á heimasíðu Minjastofnunar, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is) sem og á heimasíðu Skeiða- & Gnúpverjahrepps, [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is). Allir velkomnir.

Bókhald & laun

# Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á [www.pwc.is/bokhald](http://www.pwc.is/bokhald)



PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðibjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögráráðgjafar, endurskoðunar og reikningskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.  
Ath. fundur 24. og 31. des.  
kl. 12 á hádegis.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA fundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin  
Batasetur Suðurlands**  
Miðvikudaga kl. 10-14  
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)  
Föstudaga kl. 10-12 í Strók  
facebook.com/batasetur

## BÍLAR

**KIETTUR**  
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi  
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir.  
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

**SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
  
S: 662-1122  
Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

**ICECOOL**

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

**Hjá Maddý ehf.**

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

**STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM**

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira  
í steinsteypu.  
Kjarnaborun fyrir lögnum.  
Ramma inn myndir,  
spjega og fleira.  
Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON  
Sléttuvegi 6, Selfossi  
Sími 893 9068  
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í  
auglýsingapakka í  
blaðið og á vefinn!

Hafðu samband  
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

## KIRKJUR

**Selfoskirkja**  
Verið öll velkomin til sannkallaðar fjölskyldustundar í Selfoskirkju kl. 11 þann 9. febrúar. Það verður glatt á hjalla, sungið og brugðið á leik. Unglinkakórinn syngur undir stjórn Edit Molnár og Rebba refur lítur líka við ásamt vinum sínum. Að messu lokinni verður boðið uppá súpu í safnaðarheimilinu. Sr. Gunnar Jóhannesson leiðir stundina ásamt Rebekku Kristinsdóttur. Allir eru velkomnir og eru leikskóla-, sunnudagskólalabörnin og fermingarbörnin sérstaklega boðin velkomin ásamt fjölskyldum sínum.

**Skeiðflatarkirkja í Mýrdal**  
Æskulýðsguðsþjónusta verður í Skeiðflatarkirkju nk. sunnudag, 9. febrúar kl. 14:00. Sérstök áhersla lögð á létta sálma og söngva. Brian R. Haroldsson leikur á hljóðfæri. Allir hjartanlega velkomnir en foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til að mæta með börnum sínum.

**Stóra-Dalskirkja undir Eyjafjöllum**  
Guðsþjónusta verður í Stóra-Dalskirkju nk. sunnudag, 9. febrúar kl. 16:00. Brian R. Haroldsson leikur á hljóðfæri. Félagar úr kirkjukór Eyfellinga leiða sönginn. Léttr sálmar og söngvar við allra hæfi. Allir hjartanlega velkomnir en fermingarbörnin og forráðamenn sérstaklega hvattir til að mæta.

**Kirkjuskólinn í Víkurprestakalli**  
Minni á samveru kirkjuskólans í Víkurskóla, næsta sunnudag, 9. feb. kl. 11:15. Skemmtilegt og fróðlegt efni.

**Hrepphóla kirkja**  
Guðsþjónusta sunnudaginn 9. febrúar kl. 11. Félagar úr Kirkjukórnum syngja undir stjórn Stefáns Þorleifssonar organista. Allir velkomnir.

**Hveragerðiskirkja**  
Sunnudagaskóli kl. 12.30 í umsjón sr. Ninnu Sifjar og Signýjar Óskar. Biblíusaga, söngur og leikir!

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**  
Sunnudaga kl. 11:00. Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is

**Skálholtsdómkirkja**  
Messa sunnudag kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson annast prestsþjónustuna. Organisti er Jón Bjarnason.

**Sólheimakirkja**  
Guðsþjónusta sunnudaginn 9. febrúar klukkan tvö eftir hádegis. Organisti Ester Ólafsdóttir. Prestur Kristján Valur Ingólfsson.

**Stokkseyrarkirkja**  
Sunnudagur 9. febrúar. Messa kl. 11.00. Kór Stokkseyrarkirkju leiðir söng. Organisti Haukur Arnarr Gíslason. sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

## Kveðja frá Inner Wheel Selfoss

Áin okkar Ölfusá er virkur og góður félagi alla tíð. Ljúfar minningar frá síðustu endurfundum núna á janúarfundinum þar sem hún naut sín vel og frá jólafundinum í desember þar sem hún mætti ásamt dætrum sínum. Þórunn bar umhyggju fyrir fólki, hafði áhuga á mönnum og málefnum, spurði fréttu og lét sig varða.

Blössuð sé minning þórunnar Einarsdóttur. Félagskonur í Inner Wheel Selfoss.

Blössuð sé minning þórunnar Einarsdóttur. Félagskonur í Inner Wheel Selfoss.

## FUNDIR

**Athugið!!!**  
Nýr og breyttur tími  
á vöflukaffinu!

Fimmtánda vöflukaffi vetrar verður haldið næsta föstudag 7. feb. á Eyravegi 15 annarri hæð á milli klukkan 17 og 19. Gestur okkar er Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Allir velkomnir.



**Opið hús hjá FEB á Selfossi**

Helgi Hermannsson, spilar fyrir fjöldasöng af sinni al-kunnu snilld þann 6. feb. nk. Húsið opnað kl. 14:45 og dagskrá hefst kl. 15:10. Kaffi og meðlæti kostar 1000 kr. Molakaffi kostar 200 kr.



Stjórnin.

## Hádegisfundur

Laugardagsfundur verður á 2. hæð í Tryggvaskála laugardaginn 8. febrúar. Súpa gegn vægu gjaldi fyrir gesti. Allir velkomnir.

Sjálfstæðisfélagið Óðinn

## TIL SÖLU



**Handhnýttar flugur**

Laxa-, silungs-, straum- og Ölfusárflugur. Sérpantánir. Uppl. í síma 787 0926.

**prentmet**  
heildartausnir í prentun

## TIL LEIGU

**Hús til leigu**

Gott hús til leigu í 3 mánuði (mars, apríl og maí) með öllum húsbúnaði. Í nágrenni Selfoss. Einungis reglusamt og gott fólk kemur til greina. Áhugasamir hafi samband í síma 869 2574.

## HEILSA

**Nudd - Svæðanudd**  
Dáleiðsla

Augnlestur og heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson  
Sími 898 1501

## Heilun

og blómadropar

Einföld leið að bættri heilsu

Þorbjörg Sigurðardóttir  
S. 888 2123

Heilsulindin Miðgarði  
Austurveg 4 (kjallara), Selfossi

## MAKALEIT

**STILL SINGLE?  
ERTU EINHLEYP(UR)?**

Deposit your Curriculum Vitae at our webpage, we shall find the future life partner that you deserve.

Skráðu ferilskrána þína inn á heimasíðu okkar og við finnum framtíðar lífsförunautinn sem þú átt skilið.

www.abcmarrriagebureau.com

# Sameinuð fyrir samfélagið

## Guðmundur Oddgeirsson

Bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Ölfusi



## Njördur Sigurðsson

Bæjarfulltrúi í Hveragerðisbæ



Árið 1946 varð Hveragerðishreppur til við uppskiptingu Ölfushrepps í tvö sveitarfélög. Síðan hafa tvö sveitarfélög verið í Ölfusi sem nú bera stjórnsluheitin Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbær. Í Sveitarfélaginu Ölfusi bjuggu 1. janúar 2020 2.276 íbúar og í Hveragerðisbæ 2.699 íbúar samkvæmt þjóðskrá. Þar af eru íbúar með erlent ríkisfang 19% af íbúum Ölfuss og 6% í Hveragerði.

### Sameiningarhugmyndir

Hugmyndir um sameiningu sveitarfélaganna tveggja hafa komið reglulega til umræðu síðustu áratugi enda eru sveitarfélögin tvö nátengd landfræðilega og reka mörg verkefni í sameiningu. Árið 2014 fór fram íbúakosning í Hveragerði um áhuga íbúa á sameiningu og töldu 63% íbúa að Hveragerði ætti að sameinast og af þeim töldu 70% að sameinast ætti Sveitarfélaginu Ölfusi. Í kjölfarið könnuðu Ölfusingar vilja íbúa sveitarfélagsins til sameiningar. Niðurstaða íbúakosninga var að 304 vildu kanna með sameiningu, og flestir við Hveragerðisbæ, en 308 vildu það ekki. Því munaði aðeins fjórum atkvæðum og ljóst að nokkur vilji var til að kanna með sameiningu þó að meirihluti sveitarstjórnar á þeim tíma hafi ákveðið að gera það ekki. Þann 14. nóvember sl. óskaði Hveragerðisbær eftir sameiningarviðræðum við Sveitarfélagið Ölfus. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins í Ölfusi hafnaði viðræðum en minnihluti O-listans var fylgjandi því að kanna málið nánar og loka ekki neinum dyrum. En hvaða tækifæri eru í sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga?

### Meiri slagkraftur

Tækifæri til samlegðar fyrir samfélagið er óvída betri en með sameiningu stjórnslu Hveragerðis og Ölfuss. Nú þegar er mikill samrekstur, Ölfusingar eiga í grunn- og leikskólum Hvergerðinga sem börnin í dreifbýli Ölfuss sækja auk þess sem sveitarfélögin tvö eiga í samstarfi við önnur í Árnessýslu um mörg verkefni. Mikil íbúafjölgun er í báðum sveitarfélögunum og tækifæri til atvinnusköpunar mikil. Sveitarfélag með um 5.000 íbúa hefur mikil vægi í að bæta þjónustu við samfélagið og út á við í samskiptum við ríkisvaldið, slagkraftur í stærra sameinuðu sveitarfélagi er einfaldlega meiri en í tveimur meðalstórum sveitarfélögum. Slíkur slagkraftur er nauðsynlegur sveitarfélagi sem hefur það markmið að þróast í nútímasamfélagi og auka þjónustu við íbúa sína. Í samskiptum við ríkisvaldið hefur stærra sveitarfélag jafnframt meira vægi en lítið, s.s. við að þrýsta á um samgöngubætur, fjölgun hjúkrunarrýma, standa vörð um Garðyrkjuskólann á Reykjum og um fjölgun ríkisstarfa í héraði, svo eitthvað sé nefnt.

### Tækifærin eru fleiri ef við vinnum saman

Tækifærin til atvinnusköpunar eru mikil í Ölfusi og má þar einkum horfa til þriggja mikilvægra þátta sem má segja að marki sérstöðu svæðisins, þ.e. höfnin í Þorlákshöfn, ferðamennska í Hveragerði og nágrenni og jarðhitinn og nýting hans. Hingað til hafa sveitarfélögin tvö þróað þessi tækifæri án mikils samstarfs þó að augljóst sé að það eru sameiginlegir hagsmunir allra íbúa á svæðinu að vel takist til hvernig að þeim er staðið.

Fiski- og vöruhöfnin í Þorlákshöfn hefur óþrjótandi möguleika sé hafnaraðstaðan stækkuð en uppland hafnarinnar er gríðar stórt. Í raun hefur höfnin þegar fest sig í sessi sem öflug vöruhöfn auk fiskihafnar sem hún hefur verið um áratugi. Í uppbyggingu hafnarinnar hefur skipt miklu að Sunnlendingar hafa stutt Ölfusinga í samræðum við ríkisvaldið um fjármagn í höfnina. Enda eru það hagsmunir allra Sunnlendinga að hafnaraðstaður í Þorlákshöfn verði bættar, því styttri vöruflutningar styrkja atvinnusköpun og fyrirtæki á svæðinu. Þá er ljóst að þegar fyrstu farþegaskipin munu leggja að höfn mun það hafa

mikla innspýtingu inn í Ölfusið allt og í uppsveitir Árnessýslu með auknum ferðamannastraumi.

Ferðþjónustan í Ölfusi er vannýtt auðlind en þar eru mörg tækifæri sem má nýta betur og þróa ný. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið og millilandaflugvöllinn hjálpar mikið til. Aðeins er rúmlega hálf-tíma ferðalag frá höfuðborginni austur fyrir fjall. Þannig er Ölfus og Hveragerði hliðið inn á Suðurland og á að vera fyrsti viðkomustaður ferðamanna á leið austur. Hveragerði hefur alla tíð verið vinsæll ferðamannastaður og nú síðustu ár hefur Reykjadalur, fyrir ofan bæinn, dregið til sín vel á þriðja hundrað þúsund ferðamanna til sín á hverju ári. Í Hveragerði og dreifbýli Ölfuss hefur verið mikil uppbygging á hótélum og afþreyingu fyrir ferðamenn, s.s. hestaferðum. Í Þorlákshöfn er jafnframt hafin metnaðarfull sókn í þjónustu við ferðamenn. Hengillssvæðið, Norðurhálsar með Skálafelli og glæsilegasta útsýnistað héraðsins, forimar og svæðið vestur fyrir Herdisarsvík hefur nánast öll náttúru-fyrirbrigði nema jökul. Það hefur skapað flækjustig að tvö sveitarfélög hafa komið að þessum málum. Besta dæmið er Reykjadalurinn og uppbygging hans sem hefur því miður gengið allt of hægt undanfarin ár.

Nýting jarðhitans hefur skapað mörg tækifæri í Ölfusi og sést það glögg á þéttbýlinu í Hveragerði sem varð til í kringum hann. Með tilkomu Helligheidarvirkjunar er hægt að byggja upp stærri iðnað á svæðinu sem nýtir jarðhitann í framleiðslunni og eru þegar hafin áhugaverð tilraunaverkefni þar en því miður er nánast öll orkan flutt af svæðinu. Þarna eru samlegðartækifæri fyrir sveitarfélögin tvö að berjast fyrir því að orkan verði nýtt í héraði til nýsköpunar í atvinnumálum.

Þó að margt hafi gengið mjög vel í sveitarfélögunum á undanförmum árum er hægt að ná betri árangri með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi. Ljóst er að mjög mörg þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd gætu verið komin lengra og væru þegar farin að skila íbúum meiri ábata ef slagkrafturinn til að koma þeim áfram væri meiri.

### Áhrif nærsamfélagsins í sameinuðu sveitarfélagi

Við sameiningu sveitarfélaga er líklega

mesti ótti íbúa við að áhrif þeirra á sitt samfélag verði minni og fjarlægðin til kjörinna fulltrúa verði meiri. Því er mikilvægt að tryggja áhrif íbúa á nærþjónustu. Í þessu samhengi er vert að hafa í hug að ekki er verið að sameina samfélög heldur stjórnslu sveitarfélaga. Í sameinuðu Ölfusi verður áfram Ölfusporrablot í Ölfussveit, Blómstrandi dagar í Hveragerði og Hafnar dagar í Þorlákshöfn svo dæmi séu tekin.

Á Austurlandi þar sem fjögur sveitarfélög voru sameinuð á síðasta ári var einmitt tekið mið af þessu og munu svokallaðar heimastjórnir verða í hverju samfélagi, sem ofast samanstanda af eldri sveitarfélögunum, hafa mikil áhrif á sitt nærumhverfi. Má þar nefna að heimastjórnir munu hafa deiliskipulagsvald á sínu starfssvæði, veita umsagnir og gera tillögur um leyfismál auk þess að hafa umsjón með félagsheimilum, úthluta styrkjum, fara með verkefni náttúruverndarnefnda og gera umsagnir um staðbundnar gjaldskrár. Við sameiningu Hveragerðis og Ölfuss væru slíkar heimastjórnir tilvaldar í þéttbýliskjörnum tveimur, Þorlákshöfn og Hveragerði.

### Valdið er hjá íbúum en ekki kjörnum fulltrúum

Að mati undirritaðra eru kostir við sameiningu Ölfuss í eitt sveitarfélag miklu fleiri en gallarnir. Sameinuð höfum við aflíð til vaxtar og það er betra að huga að sameiningu þegar vel gengur hjá báðum sveitarfélögunum eins og staðan er í dag. Tækifærin bíða og með meiri slagkrafti, sem næst með sameiningu Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar, næst meiri árangur fyrir íbúa en með núverandi fyrirkomulagi.

Rétt er að hafa í huga að þó að kjörmir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Ölfusi hafi hafnað sameiningarviðræðum við Hveragerði þá er valdið hjá íbúum en ekki þeim. Ef talið er að kjörmir fulltrúar ganga ekki í takt við vilja íbúa geta kosningabærir menn krafist funda eða íbúakosninga um tiltekin mál, t.d. um sameiningarmál, sbr. X. kafla sveitarstjórnarlaga. Þannig gætu 10% kosningabærra íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss krafist borgarafundar um sameiningarmál og 25% krafist íbúakosninga um málið.

## Fyrirlestur um loftslagsmál

Allir nýnemar í skólanum Ásóttu fyrirlestur á sal þar sem rithöfundurinn Andri Snær Magnason ræddi um loftslagsmál í víðu samhengi. Tilgangur fyrirlestrarins var að nemendur fengju innsýn í málaflokkinn og ólík sjónarhorn. Eftir fyrirlesturinn voru umræður og nemendur gátu spurt spurninga. Í framhaldinu munu kennarar í umhverfisfræði, sem er áfangi sem allir nýnemar þurfa að taka, taka efni fyrirlestrarins fyrir í kennslu.



## Við bjóðum þér til veislu

Rýmum til fyrir nýrri vorvöru

Komið og gerið frábær kaup á nýjum húsgögnum

Opið verður eingöngu dagana

7 feb 19 - 21

8 feb 12 - 16

9 feb 12 - 16

Við verðum í lagerhúsnæði okkar á Víkurheiði 11 er staðsett hjá gámasvæðinu



HEIMILIÐ OG JÓLIN

Allt að **80%** afsláttur



Heimilið og jólin, Sími 482-1222

## Framkvæmdir við hreinsistöð hefjast vonandi 2021

Þann 29. janúar sl. var kynningarfundur vegna frummatsskýrslu hreinsistöðvar fráveitu í Árborg haldinn í Tryggvaskála. Þar gátu íbúar og hagsmunaaðilar kynnt sér skýrsluna og spurt þá sem komið hafa að verkefninu spurninga, en fundurinn var opinn frá 16 – 19. Þeir sem ekki komust á fundinn geta enn kynnt sér efni skýrslunnar, en hana er m.a. að finna á vef Skipulagsstofnunar og á Bókasafni Árborgar, hvar hún liggur frammi.

Dagskráin ræddi við Tómas Ellert Tómasson um framvindu málsins. „Það er fagnadarefni að það sé komið að þessari stund og komið sé að því að auglýsa frummatsskýrsluna sem verður grunnurinn að hinni eiginlegu umhverfismatsskýrslu sem framkvæmdaleyfi hreinsistöðvarinnar byggir á. Þjórnin er samt ekki unninn þó að frummatsskýrslan fari í gegn snurðulaust því að umhverfismatið er í raun sjö fasar og þegar þessum fasa er lokið erum við búin með þrjá af sjö þangað til framkvæmdir geta hafist.“ Þá standa vonir til að umhverfismatsferlinu ljúki í haust og í framhaldinu verður hægt að klára hönnunina alla og hefja framkvæmdir á næsta ári, 2021.

Mikið hefur verið rætt um kostnaðinn og þátttöku ríkisins. „Við bindum vonir við að Alþingi komi fram með frumvarp ekki síðar en á næsta haustþingi, þar sem lagt er til að virðisaukaskattur verði afnuminn af fráveituframkvæmdum. Það er gríðarlega mikilvægt atriði, ekki bara fyrir okkur, heldur öll sveitarfélög á landinu og þá sérstaklega þau minni, því að frárænnismálin eru því miður,

viða í ólestri. Hreinsun skólps er nefnilega eitt mikilvægasta umhverfismálið þar sem aðgerða er þörf strax í dag og það skýtur svo sannarlega skökku við að ríkið sé að hafa tekjur af slíkum framkvæmdum.“ Aðspurður um stöðu umhverfismála almennt segir Tómas að grátlegt sé að horfa upp á afneitunina sem er í gangi hjá ríkjandi öflum hvað varðar umhverfissvandann í nærumhverfinu. „Ráðherra umhverfismála og aðrir afneitunarsinnar á umhverfissvandann í nærumhverfinu eru allt of mikið

í því að eyða tíma og orku í að þvaðra og blaðra um málefni sem eru að mestu í góðu lagi hjá okkur sem þjóð, en ræða ekki um og grípa til aðgerða í þeim málum sem eru áþreifanlega í ólagi hjá okkur. Tökum til heima hjá okkur, klárum fráveituna og sorpmálin með sóma þannig að málflutningur okkar og gjörðir hvað varðar umgengni um jörðina okkar sé trúverðugur á alþjóðavísu, annað er bara lélegt leikrit,“ segir Tómas að lokum. -gpp



**Lagnabjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

**rauða húsið**  
restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is  
483-3330

Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka  
raudahusid@raudahusid.is

opið 17:00-21:00 mið-fim  
12:00-21:00 lau-sun

**MERKINGAR LASERSKURÐUR FRÆSINGAR PRENTUN**

**Kennslustofa 60**

**SB SKILTAGERÐ**

Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

**Jiibbii**

**Siggafærdir**

- Flutningabjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

**HREINGERNINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.**

**Erum flutt á Selfoss**  
Velkomin áfram í viðskipti

Sími 897 8444

*Freint um allt Suðurland*

**Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi**

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús  
Öryggiskerfi  
Eftirlitsmyndavélakerfi  
Hljóðkerfi  
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

**Gunnar Guðmundsson**  
sími 694 4922

**Vilmundur Sigurðsson**  
sími 779 6777

**Rétting og málun**

Vottað rétttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ 480 8020

**FYLGÐ**  
Útfararþjónusta

Gisti G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 14. febrúar**

ef næg þátttaka fæst. Þetta er helgarnámskeið. Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594 eða í netfangið [thrainn@okuskoli.is](mailto:thrainn@okuskoli.is)

**Ökuskóli Suðurlands - Eyravegi 55, Selfossi - www.okuskoli.is**

**Josera**  
Gæludýrafóður

Fæst hjá **BYKO Selfossi**

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmíði**

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**Hjólbarðabjónusta Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

**HM**

Hjólbarðar Smurþjónusta  
Betri vörur - betra verð

**Bilamerkingar Strigaprentun Fatamerkingar Gluggafilmur Límmiðar Skiltagerð Filmulausnir og merkingar**

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299  
[filmulausnir@filmulausnir.is](mailto:filmulausnir@filmulausnir.is) [Facebook](https://www.facebook.com/filmulausnir) [Instagram](https://www.instagram.com/filmulausnir)

Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

**Bilasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti**

**Bilverk BA**

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is